MOSFELLINGUR

7. TBL. 25. ÁRG. FIMMTUDAGUR 11. JÚNÍ 2026 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Nýr meirihluti í Mosfellsbæ



Mynd/Golli

Nýr meirihluti hress og kátur í Álafosskvosinni. Hilmar Gunnarsson er bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Jana Katrín Knútsdóttir formaður bæjarráðs og Gylfi Þór Þorsteinsson forseti bæjarstjórnar. Allt um kosningarnar í blaðinu.



Mosfellingurinn Bergrún Fönn Vestfjörð Alexandersdóttir

Náttúran nærir mann og styrkir

»26

EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is



Klapparhlíð 38

Fallegt og vel skipulagt 139,8 m2 endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Timburverönd timburverönd með heitum potti og garður til suðurs. Um er að ræða spennandi eign á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sundlaug, líkamsræktarstöð, golfvöll og vinsæl útivistarsvæði.

V. 129,9 m.





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

BLIKBISTRO

Við erum með opið alla daga vikunnar frá 11:30 og eldhúsið opið til 21:30

Happy hour alla daga milli 16:00 & 18:00

Brunch matseðill alla Laugardaga og Sunnudaga frá 11:30-16:00




Við erum staðsett í húsi Golfklúbbs Mosfellsbæjar með besta útsýni bæjarins og sjálfsögðu allir velkomnir ekki bara golfarar

MOSFELLSBAKARÍ

SUMARTERTA 2026

MEÐ MANGÓ, KÓKOS OG MALIBU LÍKJÖR

BJARKARHOLT 3-5 | HÁALEITISBRAUT 58-60 | S: 566 6145 | MOSFELLSBAKARI.IS



RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Gerplustræti 4, sími: 698 6987

Ábyrgðarmaður: Sigmar Vilhjálmsson, *simmi@immis.is*

Ritstjórn:
Hafrún Hafliðadóttir *ritstjóri, hafrun@mosfellingur.is*

Blaðamenn:
Einar Karl Sigmarsson *íþróttir, mosfellingur@mosfellingur.is*
Oddný Logadóttir *blaðamaður, oddny@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir *blaðamaður, ruth@mosfellingur.is*
Prófarkalestur: Lýdía Huld Grímsdóttir, *lydiahuld@mosfellingur.is*
Ljósmyndari: Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Aftureldingu.
Umbrot og hönnun: Davíð Gunnarsson, *david@mosfellingur.is*
ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og greinar skulu berast fyrir kl. 17:00 föstudag fyrir útgáfudag.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 25. ÁGÚST

Nýir tímar í Mosfellsbæ

Sveitarstjórnarkosningarnar í Mosfellsbæ eru nú að baki og niðurstaðan liggur fyrir. Kjósendur hafa sent afdráttarlaus skilaboð um hvaða stefnu þeir vilja sjá í stjórn bæjarins næstu fjögur árin.

Sjálfstæðisflokkurinn kom út sem stærsti sigurvegari kosninganna og hlaut fimm af ellefu bæjarfulltrúum. Framsóknarflokkurinn fékk tvo fulltrúa en fjórir aðrir listar, Viðreisn, Samfylkingin, Vinir Mosfellsbæjar og Miðflokkurinn, fengu einn fulltrúa hver. Niðurstaðan varð sú að Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn náðu saman og mynda nú nýjan meirihluta í bænum.

Kjörsókn var 68,3 prósent og jókst frá síðustu sveitarstjórnarkosningum. Það er ánægjulegt merki um að íbúar Mosfellsbæjar hafi tekið virkan þátt í að móta framtíð sveitarfélagsins.



Hafrún Hafliðadóttir, ritstjóri Mosfellings

Það verður hlutverk nýrrar bæjarstjórnar að sýna að hægt sé að vinna saman þvert á flokkslínur þegar hagsmunir Mosfellsbæjar eru annars vegar.

Næsta tölublað Mosfellings kemur út 25. ágúst, rétt fyrir bæjarhátíð Mosfellsbæjar, *Í túninu heima*, sem við hlökkum til að fylgjast með verða að veruleika.

ÍSFUGL
www.isfugl.is
KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

Sautjándi júní

(Lag / texti: Haukur Ingibergsson / Bjartmar Hannesson)

Blómin springa út og þau svelgja í sig sól,
sumarið í algleymi og hálft ár enn í jól.
Í hjarta sínu fólkið gleðst og syngur lítið lag
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

viðlag
Hæ hó, jibbí jei og jibbí jei,
það er kominn 17. júní.
Hæ hó, jibbí jei og jibbí jei,
það er kominn 17. júní.

Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn
firnamikinn árvissan og stóran blómsveiginn.
Fjallkonan í múnderingu prílar upp á pall,
með prjáli les hún ljóð eftir löngu dauðan kall.

viðlag

Skrúðgöngurnar þramma undir lúðrasveitarleik,
lítil börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk.
Síðan líður dagurinn við hátíðanna höld,
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg sölutjöld.

viðlag

Um kvöldið eru alls staðar útidansleikir,
að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir.
En rigning bindur enda á þetta gleðigeim
því gáttir opnast himins og allir fara heim.

viðlag



Umsjón: Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

HÉÐAN OG ÞAÐAN







Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKO SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur Benediktsson
Lögg. fasteignasali



GRUNDARTANGI 2

Fallegt og vel skipulagt 76,3 m² 3ja herbergja endaraðhús á einni hæð ásamt garði með timburverönd. Góð staðsetning á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Þak var endurnýjað árið 2024.

V. 74,9 m.



VÍÐITEIGUR 8A

89,9 m² endaraðhús með skjólgóðum afgirtum bakgarði með timburverönd í suðurátt. Tveir geymsluskúrar eru í bakgarði. Gróðurhús er á lóð fyrir framan húsið. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

V. 74,9 m.



REYKJADALUR 3A

231,7 m² íbúðarhús, ásamt 85,9 m2 auka íbúð/gestahús og 137 m2 bílskúr og geymsla samtals 454,6 m2. Húsið stendur á fallegri lóð við Reykjadalsafleggjara í Mosfellsdal. Mikill trjágróður er á jörðinni - Áin Suðurá rennur með suðurlóðarmörkum. Stórt bílaplan, stórt opið bílskýli.

V. 285,0 m.



GERPLUSTRÆTI 31

Falleg 62,8 m², 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi og sérafnotarétti á lóð fyrir framan stofu. Falleg gólfefni, vandaðar innréttingar frá Axis, kæli- og frystiskápur og uppþvottavél í eldhúsinnréttingu.

V. 61,9 m.



KLAPPARHLÍÐ 30

Falleg og vel staðsett 5 herbergja endaíbúð með sérinngangi af svalagangi á 2. hæð. Fallegt útsýni er frá íbúðinni. Íbúð á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sundlaug, líkamsræktarstöð og golfvöll. Sameiginlegar hleðslustöðvar fyrir rafbíla eru á bílaplani.

V. 89,9 m.



VEFARASTRÆTI 20

Björt og falleg 86,8 m², 3ja herbergja íbúð með aukinni lofthæð á efstu hæð ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu í lyftuhúsi. Búið að leggja rafmagn að stæðum fyrir hleðslustöð. Gott skipulag og vandaðar innréttingar. Svalir í suðurátt með fallegu útsýni.

V. 73,9 m.



VEFARASTRÆTI 20

Falleg 59,0 m², 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi við Vefarastræti 20 í Mosfellsbæ. Vandaðar innréttingar og innfelld lýsing hönnuð af Lúmex. Afgirtur sérafnotareitur í austurátt. Frábær staðsetning rétt við grunnskóla, leiksskóla og fallegar gönguleiðir.

V. 57,9 m.



ÚUGATA 14-18

Ný og glæsileg fullbúin um 230 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Glæsilegar innréttingar og vönduð gólfefni. Lóð frágengin með steyptu bílaplani. Húsið er hannað með það í huga að það væri auðvelt að útbúa auka íbúð á jarðhæð þar sem það eru tveir inngangar á jarðhæð.

V. 155,9 - 159,9 m.



KLAPPARHLÍÐ 24

Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja endaíbúð með sérinngangi af svalagangi á 2. hæð. Svalir í suðvesturátt með fallegu útsýni er frá íbúðinni. Um er að ræða fallega og bjarta íbúð á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sundlaug, líkamsræktarstöð, golfvöll og vinsæl útivistarsvæði.

79,9 m.



ÚUGATA 6-8

Nýjar og glæsilegar 3-5 herbergja íbúðir í byggingu. Bílastæði í bílakjallara með hverri íbúð. Frábært útsýni af báðum hæðum. Vandaðar innréttingar. Eignirnar afhendast í júní og júlí 2026.

V. 84,9 - 127,9 m.



VOGATUNGA 90

Fallegt og vel skipulagt 163,2 m² endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Gott geymsluloft sem er ekki í fermetratölu eignarinnar (ca. 15 m²). Gott skipulag og fallegar innréttingar. Mikil lofthæð sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. Timburverönd og þökulagður bakgarður í suðurátt.

V. 127,9 m.



GERPLUSTRÆTI 31

Falleg og vel skipulögð 112,3 m², 4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Svalir í vesturátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning, rétt við Helgafellsskóla.

V. 84,9 m.



HULDUGATA 6

Nýjar 2 herbergja íbúðir með hlutdeildarlánum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar í júní 2026 með innréttingum og gólfefnum en auk þess afhendast þær með ísskáp, innbyggðri uppþvottavél, sambyggðri þvottavél/þurrkara og rúllugardínum.

V. 58,0 mkr



BJARKARHOLT 27

Falleg og vel skipulögð 104,0 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í nýlegu lyftuhúsi. Stór afgirtur sérafnotareitur í suðurátt. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

V. 79,9 m.



Flottur árangur hjá Danssporinu

Keppnishópur Danssporsins í Mosfellsbæ tók þátt í Hotshot Dance Competition í Ashford þann 30. maí með frábærum árangri. Hópurinn tók heim tvö gull, þrjú silfur og eitt brons.

Hópurinn hefur æft af miklum krafti allt keppnisárið og vinnan skilaði sér svo sannarlega á sviðinu. Ferðin er afar dýrmætt tækifæri fyrir dansarana þar sem þau fá að sýna það sem í þeim býr í öðru umhverfi. Góður árangur hópsins staðfestir það öfluga starf sem unnið er hjá Danssporinu og þá þróun sem hefur átt sér stað hjá keppnisdönsurum stúdíósins.

Fram undan er næsta stóra verkefni hjá hluta hópsins. Allir dansararnir tryggðu sér þátttökurétt á Dance World Cup, heimsmeistaramótinu í dansi, í undankeppni sem fram fór í febrúar. Fjórir dansarar hafa ákveðið að taka þátt í mótinu sem haldið verður í Dublin í júlí, ásamt kennara hópsins.

Mikil ánægja með foreldranámskeið

Fyrsta námskeiðinu *Ertu að tengja við unglinginn þinn?* lauk í maí við góðar undirtektir. Alls sátu 22 foreldrar unglinganámskeiðið sem hófst í apríl.

Samkvæmt námskeiðsmati upplifðu þátttakendur aukið öryggi í foreldrahlutverkinu og betri skilning á unglingum sínum. Margir sögðust hafa fengið hagnýt verkfæri sem nýtast í daglegum samskiptum og einn þátttakandi orðaði reynsluna einfaldlega þannig: „Ég skil unglinginn minn betur núna."

Markmið námskeiðsins er að efla tengsl foreldra og unglinga, auka skilning á þroskaferli unglingsára og styðja við geðheilsu og velferð fjölskyldna. Mosfellsbær skoðar nú möguleikann á að bjóða upp á fleiri námskeið í framtíðinni.

Nýr meirihluti í Mosfellsbæ

Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn mynda meirihluta



Mynd/Golli

Hilmar Gunnarsson nýr bæjarstjóri.

Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn hafa undirritað málefnasamning og munu mynda nýjan meirihluta í bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn, undir forystu Hilmars Gunnarssonar, fimm fulltrúa kjörna í bæjarstjórn. Viðreisn fékk einn fulltrúa kjörinn, Gylfa Þór Þorsteinsson, sem leiddi lista flokksins. Saman mynda flokkarnir því sex manna meirihluta í bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Samkvæmt samkomulagi flokkanna verður Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Jana Katrín Knútsdóttir, sem skipaði annað sæti á lista Sjálfstæðisflokksins, formaður bæjarráðs og Gylfi Þór Þorsteinsson forseti bæjarstjórnar.

Samstarf flokkanna hefur verið rammað inn í málefnasamning sem byggir á gildum frelsis og ábyrgðar með áherslu á mannlega nálgun þar sem metnaður er lagður í að veita góða þjónustu við íbúa, að rekstur bæjarins sé ábyrgur og traustur og stjórnsýslan skilvirk og gegnsæ. Samstarfið mun þannig miða að því að tryggja að Mosfellsbær verði áfram eftirsóknarverður staður bæði til að búa og starfa í.

„Við erum þakklát fyrir það traust sem íbúar Mosfellsbæjar hafa sýnt okkur og tökum við þessu verkefni af auðmýkt og ábyrgð. Fram undan er spennandi tími þar sem við ætlum að vinna saman, hlusta á íbúa og koma góðum málum í framkvæmd. Mosfellsbær er frábært samfélag með mikla möguleika og nú þegar málefnasamningurinn er klár er ekkert annað að gera en að bretta upp ermar og hefjast handa," segir Hilmar Gunnarsson, verðandi bæjarstjóri Mosfellsbæjar."

„Viðræður flokkanna hafa einkennst af trausti og góðri samvinnu sem gefur góð fyrirheit. Við erum spennt fyrir samstarfinu og hlökkum til að hefjast handa," segir Gylfi Þór Þorsteinsson, verðandi forseti bæjarstjórnar.



Mynd/Golli

Gylfi Þór Þorsteinsson er forseti bæjarstjórnar, Hilmar Gunnarsson er bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Jana Katrín Knútsdóttir formaður bæjarráðs.



Elísabet S. Ólafsdóttir, Gylfi Þ. Þorsteinsson, Hilmar Gunnarsson, Jana K. Knútsdóttir, Hjörtur Ö. Arnarsson og Þórarinn Ö. Andrésson.

KIRKJUSTARFIÐ



HELGIHALD Í ESJUPRESTAKALLI SUMARIÐ 2026

Miðvikudaginn 17. júní
Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00
Sr. Henning Emil Magnússon þjónar

Sunnudaginn 21. júní kl. 14:00
Útiguðsþjónusta við útialtarið á Kjalarnesi
Sr. Henning Emil Magnússon þjónar

Sunnudaginn 28. júní kl. 14:00
Ólafíumessa við brjóstmynd Ólafíu Jóhannsdóttur við Mosfellskirkju
Sr. Arna Grétarsdóttir þjónar

Sunnudaginn 5. júlí kl. 14:00
Messa í Brautarholtskirkju
Sr. Sigurður Grétar Helgason þjónar

Sunnudaginn 12. júlí kl. 20:00
Sumarmessa í Lágafellskirkju
Sr. Arna Grétarsdóttir þjónar

Sunnudaginn 19. júlí kl. 14:00
Sumarmessa í Saurbæjarkirkju
Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjónar

Sunnudaginn 26. júlí kl. 20:00
Sumarmessa í Lágafellskirkju
Sr. Sigurður Grétar Helgason þjónar

Sunnudaginn 2. ágúst kl. 14:00
Hesta- og útivistarmessa í Reynivallakirkju
Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjónar

Sunnudaginn 9. ágúst kl. 20:00
Sumarmessa í Lágafellskirkju
Sr. Henning Emil Magnússon þjónar

Sunnudaginn 16. ágúst kl. 20:00
Sumarmessa í Lágafellskirkju
Sr. Sigurður Grétar Helgason þjónar

Sunnudaginn 23. ágúst kl. 20:00
Sumarmessa í Lágafellskirkju
Sr. Henning Emil Magnússon þjónar

STÖKKTU Á EINSTAKT VERÐ

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

VERÐ 5.990.000 KR.

Verð með rafbílastyrk.

Listaverð: 6.490.000 KR.



LEAPMOTOR C10 AWD


- Fjórhjóladrifinn
- 598 hestöfl
- Hlaðinn búnaði
- Sérlega rúmgóður

LEAPMOTOR

TAKTU STÖKKIÐ

ISBAND

UMBOÐSAÐILI LEAPMOTOR Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • LEAPMOTOR.NET/IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10–17



Árbók ferðafélagsins Um kjósarsýslu

Árbók Ferðafélags Íslands 2026 er komin út og fjallar að þessu sinni um Kjósarsýslu og sveitirnar þrjár sem fylla þá sýslu: Mosfellssveit, Kjalarnes og Kjós.

Bókin skiptist í tólf hluta, þar sem fjallað er meðal annars um landnám í Kjósarsýslu, kyrrstætt samfélag bænda og sjómanna í aldanna rás og um þá framfaraöldu sem reis í kringum aldamótin 1900.

Höfundur bókarinnar er Bjarki Bjarnason sem segir í viðtali við Mosfelling: ,,Þetta hefur verið sérlega áhugavert verkefni, þessar sveitir hafa átt margt sameiginlegt í gegnum tíðina, til dæmis fjárleitir, skólahald og safnaðarstarf og áhugavert að setja þá áhugaverðu sögu saman í bók."

Árbók FÍ um Kjósarsýslu er númer 99 í þessari einstöku ritröð, Ritstjóri bókarinnar er Daníel Bergmann sem tók jafnframt flestar ljósmyndir bókarinnar.



Nýtt kjörtímabil hafið í Mosfellsbæ

Hilmar Gunnarsson tekinn við sem bæjarstjóri

Ný bæjarstjórn Mosfellsbæjar kom saman til síns fyrsta fundar miðvikudaginn 3. júní þar sem nýr meirihluti tók formlega við stjórn bæjarins. Sjálfstæðisflokkur og Viðreisn mynda meirihluta á kjörtímabilinu 2026–2030 og kynntu við það tilefni málefnasamning sinn fyrir næstu fjögur ár.

Á fundinum var Hilmar Gunnarsson formlega ráðinn bæjarstjóri Mosfellsbæjar. Jafnframt var kosið í bæjarráð og fastanefndir sveitarfélagsins. Þá var Gylfi Þór Þorsteinsson kjörinn forseti bæjarstjórnar og Jana Katrín Knútsdóttir tók við formennsku í bæjarráði.

Málefnasamningur nýs meirihluta var lagður fram til kynningar á fundinum. Samningurinn byggir á sameiginlegri sýn flokkanna um ábyrgan rekstur, skilvirka stjórnsýslu og góða þjónustu við íbúa. Þar er meðal annars lögð áhersla á áframhaldandi uppbyggingu innviða, öflugt skóla- og frístundastarf, fjölbreytt húsnæði, bætta stafræna þjónustu og eflingu íþrótta- og útivistarsvæða.

Með ráðningu Hilmars tekur við nýr kafli í stjórnun sveitarfélagsins. Hann tekur við embættinu af Þóru Margréti Hjaltested sem gegnt hefur starfi bæjarstjóra tímabundið



Ráðningasamningur undirritaður. Frá vinstri Jana Katrín Knútsdóttir formaður bæjarráðs, Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Gylfi Þór Þorsteinsson forseti bæjarstjórnar.



frá því Regína Ásvaldsdóttir lét af störfum fyrr á árinu. Þóra Margrét hefur sinnt embættinu til bráðabirgða samhliða öðrum verkefnum sínum hjá sveitarfélaginu.

Að loknum bæjarstjórnarfundinum áttu Hilmar og Þóra Margrét táknræn lyklaskipti á skrifstofu bæjarstjóra. Með því lauk tímabundinni setu Þóru Margrétar í embættinu og Hilmar tók formlega við stjórnartaumunum.

Ný bæjarstjórn stendur nú frammi fyrir fjölmörgum verkefnum á komandi kjörtímabili. Mosfellsbær hefur vaxið hratt undanfarin ár og áfram er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhverfa, atvinnusvæða og þjónustu samhliða fjölgun íbúa.

Fundurinn markaði því upphaf nýs kjörtímabils og nýrrar stjórnar bæjarins, þar sem nýr meirihluti, nýr forseti bæjarstjórnar, nýr formaður bæjarráðs og nýr bæjarstjóri taka til starfa með það að markmiði að leiða þróun Mosfellsbæjar á næstu fjórum árum.



Þóra Margrét Hjaltested fráfarandi bæjarstjóri og Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri.

Áhyggjur af áhrifum framkvæmda á Varmá

Veitur stöðva framkvæmdir, halda íbúafund

Framkvæmdir Veitna í Skammadal hafa vakið mikla athygli og umræðu meðal Mosfellinga undanfarnar vikur. Boranir eftir heitu vatni á svæðinu hafa haft meiri áhrif á Varmá en upphaflega var gert ráð fyrir og hefur vatn í ánni á köflum orðið gruggugt og tekið á sig brúnleitan lit. Í kjölfarið hafa margir íbúar lýst yfir áhyggjum af mögulegum áhrifum á lífríki árinnar og Varmáróss.

Veitur hafa nú stöðvað borframkvæmdir tímabundið á meðan unnið er að frekari rannsóknum og mótvægisaðgerðum. Jafnframt hefur verið ákveðið að halda íbúafund í samstarfi við Mosfellsbæ þar sem farið verður yfir stöðu mála, þær aðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í og næstu skref í verkefninu.

Fundurinn verður haldinn í Hlégarði mánudaginn 22. júní klukkan 19:30. Þar munu fulltrúar Veitna, sérfræðingar og aðrir sem koma að málinu svara spurningum íbúa og ræða framhaldið.

Samkvæmt upplýsingum frá Veitum reyndust áhrif framkvæmdanna á Varmá meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar fór fram á að framkvæmdir yrðu stöðvaðar tímabundið á meðan unnið væri að breytingum á svokallaðri svarfþró, sem á að fanga fínar agnir sem berast upp úr borholunni. Þessar agnir hafa valdið gruggi í ánni og litabreytingum á vatninu.

Veitur segja unnið að því að bæta búnað og verklag þannig að betur takist að halda fíngerðum ögnum frá ánni. Fyrstu prófanir sem gerðar hafa verið hafa samkvæmt fyrirtækinu gefið jákvæðar vísbendingar, þó enn sé verið að rannsaka hvers vegna fínasta efnið hefur ekki sest til botns með þeim hætti sem búist var við.

Jafnframt hafa Veitur fengið til liðs við sig óháða sérfræðinga og eftirlitsaðila sem sinna sýnatökum, vöktun og mati á áhrifum framkvæmdanna á vatnsgæði og lífríki Varmár. Þá hefur fyrirtækið einnig lýst því yfir að óháðir sérfræðingar verði fengnir til að meta áhrif þess efnis sem þegar hefur borist í ána og Varmárós.

Í tilkynningu frá Veitum segir að fyrirtækið skilji vel þær áhyggjur sem skapast hafi meðal íbúa.

„Við skiljum vel að ásýnd Varmár og umræðan undanfarna daga veki áhyggjur hjá íbúum og þeim sem tengjast svæðinu sterkum böndum. Við tökum það mjög alvarlega," segir meðal annars í upplýsingum frá fyrirtækinu.

Varmá er eitt helsta náttúru- og útivistarsvæði Mosfellsbæjar og því kemur ekki á óvart að málið hafi vakið sterk viðbrögð. Nú bíða margir eftir frekari niðurstöðum rannsókna og upplýsingum um hvernig staðið verður að framhaldinu á komandi vikum.



STILLANLEGIR DAGAR



Ergo Flex

STÍLHREINT, EINFALT OG ÖFLUGT

Ergo Flex™ er fullkomið fyrir þá sem vilja stillanlegt rúm með einfaldleika, styrk og hámarksþægindum.

- Auðvelt að hækka höfuð og fætur eða velja Zero-G stöðu
- Öflugir og hljóðlátir mótorar
- Einföld þráðlaus fjarstýring og sterk stálgrind

Ergo Flex – einfaldleiki sem breytir svefninum þínum.

Stærð	Verð	Tilboð
80x200	199.900	159.920 kr
90x200	199.900	159.920 kr
90x210	209.900	167.920 kr
100x200	209.900	167.920 kr
120x200	219.900	175.920 kr
140x200	229.900	183.920 kr

Ergo Smart

SVEFN FRAMTÍÐARINNAR

Ergo Smart™ með snjalllausnum og þægindum færðu svefninn sem við viljum veita þér.

- Rúmið nemur hrotur með skynjurum og lyftir sjálfkrafa höfðinu til að opna fyrir betra loftflæði
- Snjallkerfi fylgist með svefni, hjartslætti og öndun
- LED-lýsing undir rúminu og þráðlaus fjarstýring

Ergo Smart – rúmið sem hugsar með þér.

Stærð	Verð	Tilboð
180x200	799.900	639.920
180x210	899.900	719.920

Ergo Sportive

DJÚPSVEFN FER ÞÉR VEL

Ergo Sportive™ er háþróað rúm sem tengist heilsuforritum og fylgist með líkamsstarfsemi þinni á meðan þú sefur.

- Rúmið nemur hrotur með skynjurum og lyftir sjálfkrafa höfðinu til að opna fyrir betra loftflæði
- Mælir hjartslátt, öndun og svefngæði
- Zero-G tækni, tvö USB-C tengi og LED-lýsing
- LED-lýsing í rúmgafli og þráðlaus fjarstýring

Ergo Sportive – þar sem tækni og vellíðan mætast.

Stærð	Verð	Tilboð
180x200	799.900	639.920
180x210	899.900	719.920



Dregur úr hrotum
Með því að hækka undir höfði eykst loftflæði um nef- og öndunarveg. Það hjálpar til við að anda léttar og dregur úr hrotum og kæfisvefni.

Bætt öndun
Með því að hækka efri hluta líkamans eykst lungnastarfsemi, sem getur bætt öndun og verið sérstaklega gagnlegt fyrir þá sem glíma við öndunarvandamál.

Minnkar bakverki
Að liggja í Zero-G® stöðu dregur úr þrýstingi á hrygginn og stuðlar að réttri líkamsstöðu. Það hjálpar til við að minnka vöðvaspennu og dregur úr verkjum og óþægindum.

Minnkar bakflæði
Með því að hækka höfuðhalla rúmsins minnkar það líkur á bakflæði og bætir því gæði svefnsins

Bætir blóðflæði
Að stilla líkamann í Zero-G stöðu dregur þú úr áhrifum þyngdaraflsins, bætir blóðflæði til hjarta og dregur úr þrýstingi á æðar – en þannig styður þú við heilbrigðara blóðrásakerfi og betri líðan.

Dregur úr bjúg
Með því að hækka undir fætur eykst blóðflæði og þannig dregur úr bjúgmyndun og þreytu í fótum.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477


DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

Tilboð gilda á meðan Stillanlegir dagar standa yfir. Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Úrslit sveitarstjórnar-kosninga 2026 í Mosfellsbæ




Sveitarstjórnarkosningar fóru fram í Mosfellsbæ þann 16. maí 2026 þar sem alls voru 10.382 á kjörskrá. Greidd voru 7.093 atkvæði og kjörsókn því 68,3% sem er töluverð aukning frá kosningunum árið 2022 þegar kjörsókn mældist 61,3%.

Alls náðu sex listar inn fulltrúum í bæjarstjórn Mosfellsbæjar sem skipuð verður ellefu bæjarfulltrúum næstu fjögur árin.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk mest fylgi í kosningunum með 2.949 atkvæði og fimm bæjarfulltrúa kjörna. Framsóknarflokkurinn hlaut 1.453 atkvæði og tvo fulltrúa. Samfylkingin, Viðreisn, Vinir Mosfellsbæjar og Miðflokkurinn fengu öll einn bæjarfulltrúa kjörinn.

Ný bæjarstjórn Mosfellsbæjar fyrir kjörtímabilið 2026–2030 verður skipuð eftirtöldum fulltrúum:

Hilmar Gunnarsson (D)
Jana Katrín Knútsdóttir (D)
Elísabet S. Ólafsdóttir (D)
Hjörtur Örn Arnarson (D)
Þórarinn Örn Andrésson (D)
Sævar Birgisson (B)
Halla Karen Kristjánsdóttir (B)
Ólafur Ingi Óskarsson (S)
Gylfi Þór Þorsteinsson (C)
Árni Jónsson (L)
Sveinn Óskar Sigurðsson (M)




GOTT AÐ ELDAST –

Ráðgjafaviðtöl Guðleif Leifsdóttir tengiráðgja í verkefninu Gott að eldast verður með fasta viðtalstíma í Brúarlandi á miðvikudögum kl. 14:00-15:00, einstaklingum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á ráðgjöf um farsæla öldrun, upplýsingar um úrræði í nærsamfélaginu, mikilvægi virkni og þátttöku og markmiðssetningu á efri árum. Einnig boðið upp á fræðslu og ráðgjöf varðandi áskoranir sem fylgja hækkandi aldri og leiðum til að draga úr einmanaleika og einangrun.

Hægt er að panta tíma með því að senda tölvupóst á gudleif@mos.is eða hringja í síma 525 6700.

BRÚARLANDSBÚÐIN/ BASARINN OKKAR

Nú er hægt að kaupa handverk af okkur allt árið um kring í Brúarlandi mán-fim kl. 11:00-16:00 og fös kl. 13:00-15:00. Hægt að borga með peningum eða millifærslu. Þetta árið ætlum við ekki að vera með okkar árlega basar heldur reyna að selja allt jafn og þétt og það kemur inn. Að sjálfsögðu vonumst við eftir jafn mikilli sölu og ætlum við áfram að láta gott af okkur leiða og gefa ágóðan til samfélagsins hér í Mosfellbæ. Þannig ef þér vantar peysur, sokka, vettlinga, húfur, leirmuni eða bara allskonar fallegt handverk kíktu þá til okkar::)))



LJÓSMYNDASÝNIG

Í Brúarlandi stendur yfir sýning í sumar á vegum meðlima í Ljósmyndaklúbbs Brúarlands. Opið mán-fim kl.11-16 og fös kl. 13-16. Myndirnar sem eru sýndar eru einnig til sölu og fer allur ágóði beint til þeirra sem minna mega sín hér í Mosfellsbæ. Verið velkomin.

SUMARFRÍ Í BRÚARLANDI GLEÐILEGT SUMAR

Við lokum í tvær vikur í sumar frá 27. júli og opnum aftur mánudaginn 10. ágúst. Þangað til er opið á venjulegum tímum kl. 11-16 mán-fim og föstudaga kl. 13-16. Engin námskeið eru í gangi en fólk er velkomið að gera allt milli himnis og jarðar svo sem að spila, prjóna, tefla, leira, mála, sauma, perla..... Við munum svo auglýsa sérstaklega ef við verðum með svona óvænt stutt námskeið í sumar.

Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir,* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16. Sími: 883-5123, opinn kl. 10-16 (fim)



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Formaður **Þorsteinn Birgisson**
thorsteinn.birgis@gmail.com

Varaformaður **Hrund Hjaltadóttir**
hrundhj@simnet.is

Gjaldkeri **Ólafur Guðmundsson**
polarafi@gmail.com

Ritari **Sólrún Ósk Gestsdóttir**
mittlevel10@gmail.com

Meðstjórnandi **Guðrún K. Hafsteinsdóttir**
gunnasjana@simnet.is

Varamaður **Ingibjörg G. Guðmundsdóttir**
igg@simnet.is

Varamaður **Helga Einarsdóttir**
helgaein57@gmail.com





BESTA HUGMYNDIN DAGSINS



DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ

Ein gata kaus ekki í Mosfellsbæ - 88 manns

Fróðlegar staðreyndir um kosningarnar



Það að taka þátt í kosningum, ekki bara sem kjósandi heldur sem starfsmaður á kjörstað, er góð reynsla. Sl. fjögur ár hef ég átt þess kost að taka þátt í þrennum kosningum hér í bæ og sem formaður yfirkjörstjórnar borið, ásamt öðrum kjörstjórnarmeðlimum, alla ábyrgð á framkvæmd kosninganna.

Kosningadeginum sjálfum má líkja við vel skipulagt kaos – það er mikið um að vera, fólk streymir að og hver mínúta skiptir máli. Starfið felst ekki eingöngu í því að taka á móti kjósendum og gæta þess að allt fari fram samkvæmt lögum og reglum heldur snýst það líka um að skapa traust og öryggi.

Það er gaman að sjá fjölbreytileika fólksins sem kemur á kjörstað. Sumir klæða sig upp og mæta jafnvel í þjóðbúningi, enda er þetta hátíð í hugum margra. Sumir kjósa snemma og sumir koma þegar flestir koma. Sumir eru snöggir að kjósa, aðrir dvelja lengi og vilja spjalla. Stundum gleymast persónuskilríkin og þá er gott að þekkja einhvern á vettvangi sem getur staðfest hver viðkomandi er.

Það átta sig kannski ekki allir á því hversu mikil vinna fer í undirbúning og framkvæmd kosninga. Bara hér í Mosfellsbæ eru 54 manns tilnefndir í undirkjördeildir og 36 þeirra koma til vinnu á kjördag. Þess utan koma 14 dyraverðir, 12 í talningar, hópur í uppsetningar og frágang, eldhús og skrifstofu, og svo erum við 3 í yfirkjörstjórn og 3 varamenn sem komum öll til starfa fyrir og eftir kosningar. Í Mosfellsbæ koma hátt í 100 manns að þessu verkefni og það gengur ekki vel nema allir vinni saman.

Svo fylgir mikil eftirvinnsla kosningunum, þetta er ekki bara dagurinn og nóttin og það þarf allt að stemma.

En það sem mig langar að deila hér eru nokkrar **STURLAÐAR STAÐREYNDIR:**

Okkur er gert að taka saman ýmsar tölfræðiupplýsingar. Auðvitað er allt skráð; hverjir mæta og kjósa á kjörstað og af hvaða kyni, þ.e. kk., kvk. og kynhlutlaus, og hverjir kjósa utankjörfundar og af hvaða kyni. Svo sérstaklega fyrir Hagstofuna; hverjir kjósa að kjósa ekki. Fyrir áhugasama um tölur og samsæriskenningar má þar finna margt athyglisvert.

Í Mosó skiptum við okkur í 9 kjördeildir. Reynt er að hafa nokkurn veginn svipaðan fjölda í hverri (um 1.100) og götum raðað í stafrófsröð. Nánar tiltekið er heildarfjöldinn á kjörskrá 10.382.

Ein gata skar sig úr. Þar eru **88** kjósendur skráðir á kjörskrá – og **enginn** þeirra mætti á kjörstað.

Og hvaða klikkun er það að í tveimur kjördeildum ákváðu **666** kjósendur í hvorri deild að mæta á kjörstað? Hinir, 501 annars vegar og 502 hins vegar, sátu svo heima en **208** af þeim voru reyndar búnir að kjósa utan kjörfundar. Hvað þýðir þetta? Einhver fyrirboði eða samantekin ráð?

Eða hitt; að í Lágafellsskóla ákváðu samtals **3.072** karlar, **3.071** kona og **1** kynhlutlaus að mæta á kjörstað og kjósa? Jafnræðisreglan eða samantekin ráð?

Ekki var alveg sama jafna skiptingin í utankjörfundaratkvæðum: **456** karlar og **493** konur.

Þess má geta að á kjörskrá voru **5.375** karlar, **5.006** konur og **1** kynhlutlaus, eða samtals **10.382**.

Við vitum hins vegar ekki hvernig þetta blessaða fólk, þ.e. hver og einn, ráðstafaði atkvæði sínu, annað hvort væri það nú!

Hins vegar vitum við að:

Aðeins einn frambjóðandi sem náði kosningu sem aðalmaður af þeim 11 efstu fékk **ekki eina einustu** útstrikun. Allir hinir fengu svona frá 1 til 16 útstrikanir eða breytingar, sem er bara eðlilegt, þ.e. að fólk noti rétt sinn til að hafa skoðun og áhrif á uppröðun á listana. Eins og flestir vita þá ógildir þú atkvæðaseðilinn ef þú strikar út á öðrum listum en þeim sem þú setur x-ið við þannig að þeir djókerar eru ekki inni í þessum tölum.


Annað sem er svolítið sérstakt er að sumir kjósendur ákveða að kjósa einn frambóðslista og dunda sér svo við að strika út **alla** á listanum, nema einn frambjóðanda. Þetta eru gild atkvæði.

Svo er svolítið spes að hafa fyrir því að gera sér ferð til sýslumanns, standa í biðröð í utankjörfundaratkvæðagreiðslu og skila svo auðu. Það var slatti í því. En samtals voru 84 seðlar auðir sem er innan við 1%.

Eða að krassa út ferninginn sem á að gera x eða haka við, það er metið ógilt. Sama á við um broskallana og hjörtun, svo ekki sé talað um vísurnar en þær voru reyndar engar hjá okkur í ár. Flestir kunna þetta ágætlega og voru þannig aðeins 23 seðlar metnir ógildir eða 0,22%.

Nú liggur ljóst fyrir hver úrslitin urðu og við getum með sanni sagt að niðurstaðan er sú sem hún er og þar var talið og skilað af öryggi. Óskum við hinum kjörnu fulltrúum og þeirra varamönnum öllum innilega til hamingju með kjörið!

Elín Árnadóttir





Nýr tækjabúnaður styrkir endurhæfingu á Reykjalundi

Reykjalundur hefur tekið í notkun nýjan og fjölbreyttan tækjabúnað sem mun efla endurhæfingu skjólstæðinga á stofnuninni. Búnaðurinn var keyptur með stuðningi Hollvinasamtaka Reykjalundar og samstarfsaðila þeirra.

Sjúkraþjálfunardeild Reykjalundar fékk meðal annars þrjá fjölþjálfa af gerðinni NuStep og fjögur ný þrekhjól. Fjölþjálfarnir henta fólki með ólíka getu og gera notendum kleift að þjálfa hendur og fætur samtímis í öruggri sitjandi stöðu. Þrekhjólin nýtast meðal annars hjarta- og lungnasjúklingum sem stunda reglubundna þjálfun sem hluta af endurhæfingu sinni.

Sálfræðideild Reykjalundar hefur einnig tekið í notkun nýjan neurofeedback-búnað til þjálfunar á heilavirkni. Aðferðin byggir á því að mæla heilavirkni í rauntíma og veita notendum endurgjöf í gegnum myndefni eða hljóð. Hún er meðal annars notuð við endurhæfingu eftir heilahristing, streitu, svefntruflanir og ýmsa vitræna erfiðleika. Reykjalundur er fyrsti staðurinn á Íslandi sem tekur slíkan búnað í notkun.

Nýverið heimsóttu fulltrúar Hollvinasamtaka Reykjalundar og Kaupmannasamtaka Íslands stofnunina til að kynna sér búnaðinn og starfsemina. Við það tækifæri voru Reykjalundi einnig afhent þrjú rafmagnshjól sem munu nýtast skjólstæðingum til hreyfingar og þjálfunar.

Stjórnendur Reykjalundar segja nýja búnaðinn mikilvæga viðbót sem muni styrkja enn frekar faglega og árangursríka endurhæfingu á stofnuninni.



17. júní í Mosó

Kl. 11:00 Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju
Sr. Henning Emil Magnússon þjónar fyrir altari og prédikar. Sveinn Arnar Sæmundsson er organisti. Skátafélagið Mosverjar standa heiðursvörð.

Kl. 13:30 Skrúðganga frá Miðbæjartorginu
Skátafélagið Mosverjar leiðir skrúðgöngu að Hlégarði.

Kl. 14:00 Fjölskyldudagskrá við Hlégarð

- Skólahljómsveit og Lúðrasveit Mosfellsbæjar taka á móti skrúðgöngu
- Ávarp fjallkonu og hátíðarræða
- Vigdís Hafliðadóttir kynnir dagskrána
- Vísinda Villi
- Hver vill vera prinsessa?
- Leikfélag Mosfellssveitar og Kardemommubærinn
- Ávaxtakarfan
- Leikhópurinn Lotta mætir á svæðið
- Sólon og Dimma dúskur

Kl. 16:00 Aflraunakeppni
Keppt um titilinn Sterkasti maður Íslands (-90 kg) á Hlégarðstúninu. Hjalti Úrsus heldur utan um árlega aflraunakeppni.

Kl. 14:00-16:00 Glæsilegt kaffihlaðborð í Hlégarði
Frítt fyrir þau sem mæta í þjóðbúningi.

- Pylsusala
- Sölutjöld
- Andlitsmálun
- Hoppukastalar

Mosfellsbær

Endurnýjun veitukerfis í eldri íbúðagötu

Framkvæmdir hafnar í Markholti

Mosfellsbær hefur undirritað samning við verktakafyrirtækið Fagurverk ehf. um umfangsmiklar framkvæmdir í Markholti. Verkefnið felur í sér endurnýjun á öllum helstu veitukerfum götunnar, þar á meðal hitaveitu-, vatns-, fráveitu-, rafmagns- og götulýsingarlögnum.

Framkvæmdirnar eru liður í nauðsynlegri endurnýjun innviða á svæðinu og er stefnt að því að bæta bæði öryggi og rekstraröryggi veitukerfanna til framtíðar.

Verkinu verður skipt upp í tvo áfanga. Fyrri áfanginn nær til Markholts 1–9 en sá síðari til Markholts 9–24. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í október 2026.

Mosfellsbær hefur þegar upplýst íbúa götunnar um framkvæmdina og verður reglulega greint frá framvindu verksins á vef sveitarfélagsins. Þá hafa íbúar fengið tækifæri til að ræða framkvæmdina við fulltrúa bæjarins og verktaka, auk þess sem hægt er að senda inn ábendingar og fyrirspurnir í gegnum ábendingakerfi Mosfellsbæjar.

Ljóst er að framkvæmdir af þessari stærðargráðu munu hafa áhrif á daglegt líf íbúa á meðan á verkinu stendur. Mosfellsbær hefur því beðist velvirðingar á þeim óþægindum sem kunna að fylgja framkvæmdunum og lagt áherslu á að halda íbúum vel upplýstum á öllum stigum verkefnisins.



Efri röð Jóhanna Björg Hanssen, Þorsteinn Sigvaldason, Erna Rós Bragadóttir fyrir hönd umhverfissviðs Mosfellsbæjar. Neðri röð Þóra M. Hjaltested bæjarstjóri og Bergur Þorgilsson fyrir hönd Fagurverks ehf.

Markmiðið með framkvæmdunum er að tryggja öflugri og áreiðanlegri innviði fyrir íbúa Markholts til framtíðar og skapa betri grunn fyrir þjónustu á svæðinu næstu áratugi.

Eitt elsta hlaup landsins, 5,6 km og 10 km

Álafosshlaupið fer fram 12. júní

Álafosshlaupið verður haldið föstudaginn 12. júní og hefst það kl. 18:00. Hlaupið er frá Varmárvelli í Mosfellsbæ.

Álafosshlaupið er eitt elsta og sögufrægasta hlaup landsins. Fyrsta hlaupið var haldið árið 1921 að frumkvæði Sigurjóns Péturssonar á Álafossi og hefur það skipað sérstakan sess í íslenskri hlaupasögu. Í dag liggur hlaupaleiðin um fallegt útivistarsvæði Mosfellsbæjar þar sem þátttakendur njóta fjölbreyttrar blöndu af stígum, malarvegum og náttúruperlum bæjarins.

Í boði verða tvær vegalengdir, 5,6 km og 10 km, og er hlaupið opið öllum, hvort sem markmiðið er að ná góðum tíma eða njóta hreyfingar og útivistar í góðum félagsskap.

Álafosshlaupið er jafnframt mikilvægur liður í fjáröflun fyrir barna- og unglingastarf Frjálsíþróttadeildar Aftureldingar og rennur allur ágóði hlaupsins óskiptur til þess starfs.

Vegleg verðlaun verða veitt fyrir efstu sæti í báðum vegalengdum og auk þess verða glæsileg útdráttarverðlaun. Að hlaupi loknu verður boðið upp á drykki og hressingu fyrir hlaupara og þátttakendur fá jafnframt frían aðgang að Varmárlaug til að slaka á og jafna sig eftir átökin.



Nánari upplýsingar og skráning fer fram á www.netskraning.is og eru allir hvattir til að taka þátt í þessari skemmtilegu hlaupahátíð og um leið styðja við öflugt barna- og unglingastarf í Mosfellsbæ.

KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is

HVAMMSVÍK
SJÓBÖÐ
Átta heit sjóböð í Hvalfirðinum

KRANABILLINN.IS



VANTAR ÞIG KRANABÍL?





Nýsköpun og þróun í skóla- og frístundastarfi

Fimm verkefni hlutu styrk úr Klörusjóði



Undirritaðir voru styrktarsamningar úr Klörusjóði Mosfellsbæjar miðvikudaginn 27. maí. Markmið sjóðsins er að styðja við nýsköpun, þróun og framfarir í skóla- og frístundastarfi í bænum og gefa starfsfólki tækifæri til að hrinda metnaðarfullum hugmyndum í framkvæmd.

Klörusjóður veitir styrki einu sinni á ári og nam heildaráthlutun ársins 2026 alls 3,5 milljónum króna. Umsóknir geta komið frá kennurum, fagfólki, einstökum skólum eða samstarfsverkefnum innan skóla- og frístundastarfs í Mosfellsbæ.

Að þessu sinni hlutu fimm fjölbreytt verkefni styrk úr sjóðnum.

Stærsti einstaki styrkurinn að upphæð ein milljón króna fór til Leikfélags Lágafellsskóla. Markmið verkefnisins er að efla sjálfstraust, samvinnu og sköpunargáfu ungmenna með metnaðarfullum leiksýningum þar sem nemendur taka þátt í öllum helstu þáttum sviðslistar.

Leikskólinn Reykjakot hlaut 800 þúsund króna styrk fyrir verkefnið „Leikur og lýðræði í leikskólastarfi“. Þar verður lögð áhersla á leik sem meginnámsleið barna og að þau fái aukin tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám og umhverfi.

Lágafellsskóli fékk 600 þúsund króna styrk til innleiðingar á áfallamiðaðri nálgun í skólastarfi. Verkefnið miðar að því að efla þekkingu starfsfólks á áhrifum áfalla og skapa öruggara og styðjandi námsumhverfi fyrir nemendur.

Kvíslarskóli hlaut 640 þúsund króna styrk fyrir verkefnið „Tækni LEGO“, þar sem LEGO Education Spike Prime verður nýtt til að efla tæknilæsi, skapandi hugsun og lausnaleit nemenda í 9. og 10. bekk.

Þá fékk leikskóladeild Helgafellsskóla 450 þúsund króna styrk fyrir verkefnið „Hænur í Helgafelli“. Þar stendur til að koma upp hænsnakofa á skólalóðinni og nýta verkefnið til að kenna börnum um sjálfbærni, ábyrgð, umönnun dýra og fæðuhringrásina með reynslumiðuðu námi.

Verkefnin sem hlutu styrki í ár endurspegla vel þá fjölbreytni sem einkennir skóla- og frístundastarf í Mosfellsbæ. Með styrkjunum skapast tækifæri til að þróa nýjar kennsluaðferðir, efla sköpun og styðja við vellíðan og þátttöku barna og ungmenna í bænum.

IceBike-teymið hannar nýja hjólabraut í Ævintýragarðinum

Nú eru hafnar framkvæmdir við nýja Pumpu, eða svokallaða pump track-braut, í Ævintýragarðinum. Brautin er hluti af áframhaldandi uppbyggingu hjólaaðstöðu á svæðinu og mun bjóða bæði yngri og eldri hjólurum upp á skemmtilega og krefjandi aðstöðu til æfinga.

Pumpan verður hringlaga fjallahjólabraut með hæðum, sveigjum og beygjum sem gerir hjólurum kleift að þróa jafnvægi, tækni og færni á öruggan hátt. Brautin er hönnuð þannig að hún henti jafnt byrjendum sem reynslumeiri hjólurum og verður góð viðbót við Flækjuna sem var tekin í notkun síðsumars árið 2024.


Brautin verður staðsett ofan við Flækjuna í Ævintýragarðinum og hafa starfsmenn IceBike þegar hafist handa við framkvæmdina. Gangi áætlanir eftir verður hún tilbúin til notkunar um mitt sumar.


Hugmyndin að brautinni naut mikils stuðnings í kosningunum Krakka Mosó 2025 þar sem hún var meðal þeirra verkefna sem fengu mestan hljómgrunn. Þar sem hugmyndin samræmdist vel þeim áformum sem fyrir voru um frekari þróun fjallahjólaaðstöðu í Ævintýragarðinum var ákveðið að ráðast í framkvæmdina strax í byrjun sumars.

Líkt og við fyrri framkvæmdir á svæðinu verður tekið tillit til gróðurs og umhverfis. Þau tré sem standa þar sem brautin mun rísa verða færð til innan svæðisins og munu áfram gegna hlutverki í umhverfi og ásýnd garðsins.



STORMUR SNORRASON, MAGNE KVAM, ÁSTA BRIEM OG HUNDURINN FÖNN.





Bólið

SUMAROPNUN

Frá 16. júní verður opið í Bólinu bæði á daginn & á kvöldin!

mánudagar	þriðjudagar	miðvikudagur	fimmtudagur
12:00-15:30 Bólið í Varmá	12:00-15:30 Bólið í Lágó	12:00-15:30 Bólið í Helgó	12:00-15:30 7.bekkur

þri - kvöld	mið - kvöld	fim - kvöld	fös - kvöld
20:30-22:30 8.-10. bekkur	20:00-22:00 5., 6., - 7. bekkur	20:30-22:30 8.-10.bekkur	23:15- 00:45 FLAKKID

Nánari upplýsingar bolid@mos.is | www.instagram.com/bolid270 & inn á Abler

---

VINNUSKÓLINN

Byrjar 15. júní!
Unglingar verða við vinnu í allt sumar í gulum vestum. Biðjum ykkur að taka vel á móti þeim, sýna þeim virðingu og tillitsemi þar sem þetta eru þeirra fyrstu skref í vinnu. Markmið vinnuskólans er jafnframt að styrkja þau félagslega.
Ef að þið hafið ábendningar endilega sendið á netfangið vinnuskoli@mos.is

KYNNING

Nýr gassjálfsali gerir Mosfellingum lífið einfaldara

Olís á Langatanga hefur tekið í notkun nýjan gassjálfsala sem gerir viðskiptavinum kleift að nálgast gas á einfaldan og þægilegan hátt allan sólarhringinn. Með þessari nýjung geta Mosfellingar sótt sér gas hvenær sem er, óháð opnunartíma þjónustustöðvarinnar.

Að sögn Kristjáns Gísla Stefánssonar hjá Olís er markmiðið að mæta þörfum viðskiptavina þegar þeirra er þörf, hvort sem um er að ræða undirbúning fyrir grillveislu, útilegu eða þegar gaskúturinn tæmist á óheppilegum tíma.



Aðgengileg þjónusta allan sólarhringinn

„Hjá Olís höfum við ávallt lagt áherslu á að vera vinur við veginn og veita viðskiptavinum okkar örugga, þægilega og aðgengilega þjónustu hvar og hvenær sem þeir þurfa á henni að halda," segir Kristján Gísli.

Hann segir sjálfsalann vera liður í þeirri vegferð að gera daglegt líf fólks einfaldara og tryggja að viðskiptavinir hafi aðgang að þeim vörum sem þeir þurfa þegar þeim hentar best.

Nýsköpun sem hefur sannað sig

Gassjálfsalarnir eru framleiddir af Vendanor og sameina öryggi, nýsköpun og notendavæna þjónustu. Lausnin hefur þegar notið vinsælda víða um land og er hluti af áframhaldandi uppbyggingu Olís og ÓB á sjálfsafgreiðslulausnum.

Fyrir eru gassjálfsalar í Bæjarlind og Suðurhellu og stefnt er að því að fjölga þeim enn frekar á næstu misserum.

Sparnaður fyrir viðskiptavini

Til viðbótar við aukin þægindi er verðið í gassjálfsalanum hagstæðara en á þjónustustöðinni. Viðskiptavinir greiða 5% lægra verð en fullt verð á stöðinni og geta því bæði sparað tíma og peninga.

Með nýjum gassjálfsala á Langatanga styrkir Olís enn frekar þjónustu sína í Mosfellsbæ og tryggir að viðskiptavinir hafi ávallt aðgang að gasi þegar þeir þurfa á því að halda.



Kristján Gísli Stefánsson - Sölustjóri rafgeyma og gas hjá Olís.

olís ób glans

Íbúafundur í Mosfellsbæ

Veitur boða til íbúafundar í samvinnu við Mosfellsbæ til að ræða boranaframkvæmdir í Skammadal. Veitur bora fyrir heitu vatni fyrir vaxandi samfélag og vilja gera það í sátt við náttúru og umhverfi.

Fundurinn verður haldinn í Hlégarði mánudaginn **22. júní frá 19.30-21.00**.

Hlökkum til að sjá ykkur!

- **Hilmar Gunnarsson** bæjarstjóri Mosfellsbæjar opnar fundinn.
- **Brynja Ragnarsdóttir** forstöðumaður vatnsmiðla hjá Veitum fer yfir boranaframkvæmdir, umhverfisáhrif og næstu skref.
- **Samtal við bæjarbúa.**

VEITUR

Þegar við erum tengd.



ÁLAFOSS HLAUP SCARPA

ÍSTAK

Hið árlega og sögufræga Álafosshlaup fer fram frá Varmá föstudaginn 12. júní kl. 18:00. Hlaupnar verða tvær vegalengdir, 5 og 10 km. Skemmtilegt hlaup fyrir alla fjölskylduna.

Skráðu þig hér

FJALLA KOFINN

12. JÚNÍ - KL 18:00

Hallarmúli 2 | Sími 510 9505 | Fjallakofinn.is

SCARPA



Nýr samskiptasáttmáli fyrir skóla- og frístundastarf

Mosfellsbær hefur kynnt nýjan samskiptasáttmála fyrir skóla- og frístundasamfélagið sem taka á gildi haustið 2026. Sáttmálinn er hluti af verkefninu *Börnin okkar* og hefur það að markmiði að efla jákvæð samskipti, virðingu og samvinnu í starfi með börnum og ungmennum.

Vinna við sáttmálann hófst árið 2025 og komu að henni fulltrúar skóla, foreldra, félagsmiðstöðva og íþróttafélags. Einnig var leitað eftir sjónarmiðum nemenda og starfsfólks.

Sáttmálanum er ætlað að skapa sameiginleg viðmið um samskipti og stuðla að öruggu og uppbyggilegu umhverfi fyrir börn og ungmenni í Mosfellsbæ.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT
25. ÁGÚST

Félagsstarf, útivist og góð málefni í forgrunni

Líflegt og ánægjulegt vor hjá Lionsklúbbnum Úu

Lionsklúbburinn Úa hefur átt annasamt og skemmtilegt vormisseri þar sem félagsstarf, fræðsla og samfélagsverkefni hafa verið í forgrunni. Félagar hittast jafnan tvisvar í mánuði, annars vegar á formlegum fundum og hins vegar á útivistarfundum þar sem áhersla er lögð á samveru og fjölbreytta dagskrá.

Á útivistarfundum hafa félagar meðal annars heimsótt listamenn og hönnuði, farið í keilu og notið góðra stunda saman. Á reglulegum fundum hafa fyrirlesarar úr ýmsum geirum samfélagsins komið í heimsókn og miðlað reynslu og þekkingu.

Eitt af því sem stóð upp úr á tímabilinu var heimsókn Lionsklúbbsins Eikar. Klúbbarnir funduðu saman og áttu ánægjulega samveru þar sem félagar skiptust á hugmyndum og reynslu af Lionsstarfinu.

Í tengslum við umhverfisviku Lions og hreinsunarviku Mosfellsbæjar tóku Úukonur þátt í plokkdegi og hreinsuðu svæðið í kringum Hlégarð. Þar reyndist af nægu að taka og lögðu félagar sitt af mörkum til að bæta umhverfið.

Á lokafundi vorsins voru þrír nýir félagar teknir inn í klúbbinn og einn félagi hlaut Melvin Jones-viðurkenningu fyrir framlag sitt til Lionshreyfingarinnar.

Vorferð klúbbsins var farin um miðjan maí, að þessu sinni í Borgarfjörð. Meðal viðkomustaða voru Akranes, Háfell, Kaffi Kyrrð í Borgarnesi og Hraunsnef þar sem deginum lauk með kvöldverði.

Fjórar konur úr klúbbnum sóttu einnig Lionsþing á Laugarvatni í lok maí og lauk þar með viðburðaríku og ánægjulegu vormisseri hjá Lionsklúbbnum Úu.


NÝIR FÉLAGAR MEÐ FORMANNI OG MEÐMÆLENDUM


PLOKKAÐ VIÐ HLÉGARÐ



STOFUTÓNLEIKAR Á GLJÚFRASTEINI

GLJÚFRASTEINN
Hús skáldsins

20 ÁRA AFMÆLI STOFUTÓNLEIKA

Stofutónleikar Gljúfrasteins eru alla sunnudaga í sumar og hefjast kl. 16. Aðgangseyrir er 3.900 kr. og eru miðar seldir í afgreiðslu Gljúfrasteins á tónleikadegi. Stofutónleikaröðin hóf göngu sína sumarið 2006 og er því 20 ára í ár.

JÚNÍ

7. júní	Gissur Páll Gissurarson tenór og Árni Heiðar Karlsson píanóleikari.
14. júní	Tumi, Tumi og Tómas leika jazz á stofutónleikum.
21. júní	Gunnar Randversson les upp og Þórólfur Stefánsson leikur á gítar.
28. júní	Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk.

JÚLÍ

5. júlí	Rannveig Káradóttir syngur á stofutónleikum.
12. júlí	Rakel Sigurðardóttir syngur.
19. júlí	Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona.
26. júlí	Hið íslenska gítartríó.

ÁGÚST

2. ágúst	María Qing Sigríðardóttir sellóleikari og Ásta Dóra Finnsdóttir píanó.
9. ágúst	Hljómsveitin Hrafnaspark.
16. ágúst	Bragi Árnason.
23. ágúst	Kristín Anna Valtýsdóttir söngkona.
30. ágúst	Í túninu heima. Jelena Ćirić (tríó).

20 ÁRA

Alla sunnudaga kl. 16
7. júní – 30. ágúst 2026

Aðgangseyrir 3.900 kr.
Miðar seldir í afgreiðslu Gljúfrasteins á tónleikadegi.

Tónlist og orð í sögufrægu heimili Halldórs Laxness í hjarta Mosfellsbæjar.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.GLJUFRASTEINN.IS

Í túninu heima 2026

Vilt þú taka þátt?

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, verður haldin dagana 27. - 30. ágúst.


Hátíðin er sannkölluð fjölskylduhátíð þar sem öll ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá.

Ef þið lumið á hugmyndum eða viljið vera með viðburði, þá endilega sendið póst á **ituninuheima@mos.is**.

Íbúar, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ eru hvött til að taka virkan þátt í hátíðarhöldunum.

Hafdís Huld bæjarlistamaður 2025

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is



Umhverfis-viðurkenningar fyrir árið 2026

Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir tilnefningum frá almenningi vegna umhverfis-viðurkenninga Mosfellsbæjar fyrir árið 2026.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- Fallegir einkagarðar
- Fjölbýlishúsagarður
- Fyrirtæki til fyrirmyndar
- Snyrtilegasta gatan
- Einstaklingsátak ársins
- Plokkari ársins
- Tré ársins
- Annað til fyrirmyndar tengt umhverfi

Tilnefningar skal senda inn á Mínum síðum.

Skilafrestur til 5. ágúst 2026.

Nánar á **mos.is/umhverfisvidurkenningar**

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is



Takk fyrir frábærar móttökur!

Skoðaðu Matseðilinn!

Skannaðu QR kóðann, eða farðu inn á www.oakrestaurant.is til að skoða fjölbreytta matseðilinn okkar



Komdu og njóttu hjá okkur

Pantaðu Take Away og njóttu heima

Fjölbreytt pizzutilboð í Take Away

Útisvæðið opnar bráðlega

OAK

RESTAURANT

510 2770

oakrestaurant@oakrestaurant.is

@oakmosfellsbaer

KYNNING

Jákvæð áhrif gæludýra á heilsu og líðan fólks



Gæludýr hafa veruleg jákvæð áhrif á heilsu og líðan fólks. Margir sem deila daglegu lífi með dýri finna fljótt hversu mikil áhrif samveran hefur – tilfinningaleg, félagsleg og líkamleg. Það er fátt sem jafnast á við að koma heim eftir annasaman dag og hitta gæludýrið sitt. Dýr dæma ekki heldur bregðast við okkur eins og við komum fram við þau. Þannig myndast traust og einlæg tengsl sem veita öryggi og ró. Í hraða nútímasamfélagsins hjálpa dýr okkur einnig að hægja á og vera meira til staðar, enda lifa þau í augnablikinu og minna okkur á að njóta þeirra litlu stunda sem skipta máli. Nærvera þeirra hefur róandi áhrif og getur verið dýrmætur tilfinningalegur stuðningur. Umönnun dýra skapar jafnframt rútínu með reglulegri fóðrun, útiveru og athygli sem getur haft jákvæð áhrif á andlega líðan, sérstaklega hjá þeim sem glíma við streitu, kvíða eða þunglyndi.



Hundaeigendur hreyfa sig að jafnaði meira þar sem hundar þurfa daglega útiveru óháð veðri eða dagsformi. Sú ábyrgð sem fylgir dýraeign stuðlar að reglufestu og heilbrigðari lífsstíl og regluleg hreyfing ásamt tíma úti í náttúrunni bætir bæði líkamlega og andlega heilsu. Dýr hafa einnig uppbyggileg áhrif á fjölskyldulíf þar sem umönnun þeirra verður oft sameiginlegt verkefni sem styrkir tengsl og samheldni. Fyrir börn eru samskipti við dýr sérstaklega dýrmæt, þau læra ábyrgð, virðingu og umhyggju og rannsóknir benda til þess að slík tengsl geti haft jákvæð áhrif á sjálfstraust og vellíðan. Samband fólks og dýra er gagnkvæmt og byggir á virðingu og góðri umönnun. Þegar grunnþörfum dýra er mætt verða þau rólegri og öruggari og tengslin við eigendur dýpka. Gæludýr eru því ekki aðeins félagar heldur órjúfanlegur hluti af daglegu lífi margra og hafa raunveruleg áhrif á lífsgæði og jafnvægi í daglegu lífi.


Kaffihús og leiksvæði Dýrheima

Í Dýrheimum er lögð áhersla á að skapa umhverfi þar sem bæði dýr og eigendur geta notið samveru. Þar er kaffihús sem tekur vel á móti gestum með gæludýr sín auk afgirtra hundasvæða. Annars vegar afgirt hundagerði þar sem hægt er að leyfa hundum að hlaupa frjálsum og hins vegar afgirt leiksvæði með fjölbreyttum leiktækjum sem henta til leiks, þjálfunar og samveru. Svæðin bjóða upp á öruggt rými fyrir hunda og notalegan vettvang fyrir eigendur til að hittast og tengjast. Hundagerðið er opið fyrir viðskiptavini Dýrheima alla virka daga frá kl. 9-16. Leiksvæðið er hægt að bóka inni á dyrheimar.is/pages/hundagerdi.



Kristín Sara Georgsdóttir

Kristín er dýrahjúkrunarfræðingur að mennt en hún stundaði nám við Hansenberg í Kolding í Danmörku. Áhugasvið Kristínar er að hjálpa eigendum að þekkja dýrin sín betur og fyrirbyggja vandamál og sjúkdóma í gegnum umönnun. Kristín starfar hjá Dýrheimum við ráðgjöf og fræðslu í heilsutékki Dýrheima auk annarrar fræðslu.



Sundlaugar

Lágafellslaug er lokuð 10. - 24. júní

Vegna viðhalds er Lágafellslaug lokuð frá 10. - 24. júní. Á meðan á framkvæmdum stendur verður öll starfsemi lokuð í Íþróttamiðstöðinni þar á meðal World Class.

Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda og þökkum fyrir skilninginn.

Varmárlaug er opin í sumar alla virka daga frá kl. 6:30-21:30, lau. kl. 8-17 og sun. kl. 8-16.

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is

ROYAL CANIN



EINSTAKAR ÞARFIR

SÉRHÆFÐ NÆRING



Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



Bókasafn Mosfellsbæjar

Sumaropnun í bókasafninu

Bókasafn Mosfellsbæjar verður lokað á laugardögum frá og með 20. júní til og með 15. ágúst.

Afgreiðslutími virka daga er frá kl. 12-18 en opið er án þjónustu frá kl. 9-12.

Mosfellsbær



MYNDASÖGUR FRÁ A–Ö FYRIR 10–12 ÁRA

í Bókasafni Mosfellsbæjar
22.-24. júní kl. 9:30-12:00

Myndasögugerð er algjör ráðgáta. Er hægt að búa til myndasögu ef þú kannt ekki að teikna? Hvað á myndasaga að vera löng? Hvernig lætur þú hugmynd fyrir myndasögu verða að veruleika? Atla Hrafney smiðjustjóri svarar þessum og fleiri spurningum í safninu í sumar!

Námskeiðið er gjaldfrjálst en skráning er nauðsynleg.
Skráning fer fram á sumarfrístundarvef Völu: sumar.vala.is

~ Gúndi geithafur og grasleitin mikla ~

LESTRAR-SPRETTUR

SUMARLESTURINN ER FRÁ 20. MAÍ – 20. ÁGÚST.



Er grasið grænna hinum megin?

Gúndi geithafur er svo svangur. Í Heimahaga er ekki eitt stingandi strá til að bíta. Ekki eitt lítið lauf. Bara mold og steinar.

Getur þú hjálpað Gúnda geithafri að komast alla leið í Grænuhlíð?
Þar er grasið alltaf grænna!

Taktu þátt!

Komdu á bókasafnið og fáðu **vegabréf** til að taka þátt í leiðangrinum með Gúnda geithafri.

Fyrir hverjar **15 mínútur af lestri** litar þú hluta leiðarinnar inni í vegabréfinu. Þegar þú hefur lesið í klukkustund getur þú farið með vegabréfið á bókasafnið, fengið **stimpil** og **happamiða!**

Nafnið þitt og símanúmer forsjáraðila fara á miðann og hann fer í **happapottinn.** Dregið er úr pottinum og heppnir þátttakendur fá **verðlaun!**

Kíktu við á bókasafninu, fáðu vegabréf, byrjaðu að lesa og leggðu af stað í meeergjað ferðalag!

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS · FFÁS · Miðstöð menntunar og skólaþjónustu · SFA.IS · Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO City of Literature · Stjórnarráð Íslands Mennta- og barnamálaráðuneytið · Heimili og skóli · Bókasafn Kópavogs · KRÓKAFÚY

sumarlestur.is

2997 MMS | Lestrarsprettur Gúnda geithafurs | ISBN 978-9979-0-3610-4 | Teikningar og hönnun: Blær Guðmundsdóttir

Forvarnarhópur Mosfellsbæjar

SAMVERA

skiptir máli

Börn og ungmenni þurfa stuðning, nærveru og áhuga foreldra sinna. Samvera fjölskyldunnar styrkir tengsl, eykur öryggi og dregur úr áhættuhegðun.



FORELDRAR VERUM SÝNILEG

- Vitum hvar börnin eru og með hverjum þau eru
- Höfum virkt eftirlit með útiveru barna og ungmenna
- Ræðum reglulega um öryggi, samskipti og ábyrgð
- Verum góðar fyrirmyndir í daglegu lífi

Við eigum öll hlutverk í að skapa öruggara og gott samfélag fyrir börnin okkar

ÖRYGGI Á RAFHLAUPAHJÓLUM OG RAFSKÚTUM

- Notum alltaf hjálm
- Börn yngri en 13 ára mega ekki aka rafskútu
- Hámarkshraði rafskúta er 25 km/klst
- Ekki má aka undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna
- Förum varlega í nágrenni gangandi vegfarenda
- Virðum umferðarreglur og sýnum tillitssemi
- Einn farþegi á rafskútu nema hún sé hönnuð fyrir fleiri
- Endurskin og sýnilegur fatnaður auka öryggi í myrkri

Í forvarnarhóp Mosfellsbæjar sitja tómstunda- og forvarnarfulltrúi Mosfellsbæjar, forstöðumaður félagsmiðstöðva í Mosfellsbæ, leiðtogi farsældar barna Mosfellsbæ, námsráðgjafar grunnskóla Mosfellsbæjar og FMOS, fulltrúi úr barnavernd Mosfellsbæjar sem og fulltrúi frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Bergrún Fönn Vestfjörð Alexandersdóttir *er Íslandsmeistari í snocrossi 2026*

Alltaf verið heilluð af kraftinum

Snocross hefur notið vaxandi vinsælda hér á landi á undanförnum árum, sérstaklega á Norðurlandi þar sem snjóaðstæður eru hvað bestar. Ökumenn keppa á snjósleðum á krefjandi brautum þar sem hraði, stjórn og stökkhæfni skipta sköpum.

Mosfellingurinn Bergrún Fönn Vestfjörð Alexandersdóttir gerði sér lítið fyrir og landaði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli í kvennaflokki í snocrossi á Ólafsfirði í apríl síðastliðnum. Hún varð þar með fyrsti meðlimur mótoríþróttafélagsins Motomos í Mosfellsbæ til að verða Íslandsmeistari í greininni.



Bergrún Fönn fæddist á Akureyri 30. september 2008. Foreldrar hennar eru Árný Elva Ásgrímsdóttir, ritari í Húsaskóla, og Alexander Vestfjörð Kárason, eigandi Stálsmiðjunnar Kofra.

Bræður Bergrúnar eru Ásgrímur Örn, f. 2005, og Bergvin Snær, f. 2006.

Yndislegt að alast hér upp

„Ég ólst upp í Mosfellsdal en fjölskyldan flutti þangað þegar ég var fimm ára og þar búum við enn í dag. Það var yndislegt að alast upp í þessu friðsæla og fallega umhverfi þar sem maður hafði mikið frelsi til að leika sér úti í náttúrunni.

Ég á margar góðar æskuminningar en mér fannst alltaf sérstaklega spennandi að fá að sitja í fanginu á pabba undir stýri, fá að keyra með honum og skipta um gír. Pabbi átti nefnilega stóran Suburban-jeppa og það fannst mér nú ekki leiðinlegt. Ég hef líka keyrt fjórhjól hér í Dalnum alveg frá því ég man eftir mér.

Ég gekk í Varmárskóla til loka 7. bekkjar en flutti mig síðar yfir í Helgafellsskóla. Samhliða námi hef ég starfað hjá Sambíóunum í Egilshöll.“

Fetar í fótspor föður síns

Frá unga aldri hefur Bergrún Fönn verið umkringd bílum, fjórhjólum og snjósleðum enda hafa vélknúin tæki lengi verið stór hluti af lífi fjölskyldunnar. Faðir hennar, Alexander, ávallt kallaður Lexi, hefur oft verið nefndur guðfaðir jaðaríþróttanna enda einn sá öflugasti í þeim greinum.

Það kom því fáum á óvart þegar Bergrún Fönn fetaði í fótspor föður síns og hóf að keppa í akstursíþróttum. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún sýnt mikið sjálfstæði og metnað og var einungis 15 ára þegar hún tók þátt í sinni fyrstu rallycross-keppni. Hún segir fyrstu skrefin í íþróttinni hafa verið bæði spennandi og lærdómsrík. Þótt markmiðið sé alltaf að ná góðum árangri leggur hún jafnframt áherslu á að njóta þess sem hún er að gera.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Finnur fyrir spennu og eftirvæntingu

„Ég hef alltaf verið hrifin af vélknúnum ökutækjum, bílum, fjórhjólum og snjósleðum og þá sérstaklega kraftinum sem þeim fylgir. Það er ákveðin tilfinning sem fylgir því að vera á ráslínunni rétt áður en keppni hefst. Þá finn ég fyrir spennu og mikilli eftirvæntingu. Þegar ljósin kvikna hverfur allt annað úr huganum og ég einbeiti mér eingöngu að akstrinum og brautinni fram undan.“



Fjölskyldan, Árný Elva, Bergvin Snær, Bergrún Fönn, Ásgrímur Örn og Alexander.

Bergrún hafnaði í þriðja sæti í unglingaflokki á Bíladögum á Akureyri árið 2025 og tryggði sér nýverið annað sætið í 1400 cc flokki á nýjum bíl í keppni á vegum Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar.

„Fjölskylda mín á stóran þátt í þeim árangri sem ég hef náð. Hún hefur fylgt mér í keppnir, aðstoðað mig við undirbúning og alltaf verið til staðar þegar á hefur þurft að halda. Oft þarf að leggja á sig langar ferðir og verja miklum tíma í tengslum við keppnirnar. Ég væri ekki þar sem ég er í dag án stuðnings hennar.“

Málmsuðan áhugaverð

Bergrún Fönn hóf nám í bifvélavirkjun við Borgarholtsskóla en skipti síðar um námsleið og stundar nú vélstjórnarnám við Tækniskólann. Hún segir verklega þátt námsins höfða sérstaklega til sín og nefnir málmsuðu sem einn áhugaverðasta hlutann, þar sem handverk og tæknivinna fari saman við fræðilega þekkingu. Mikil áhersla sé lögð á nákvæmni, úthald og góða verklega færni.

> ***Fjölskylda mín á stóran þátt í þeim árangri sem ég hef náð. Hún hefur stutt mig í gegnum allt ferlið.***

„Ég er enn að prófa mig áfram í náminu. Það er skemmtilegt að takast á við krefjandi verkefni og maður lærir stöðugt eitthvað nýtt. Ég er ánægð með val mitt á vélstjórninni og spennt að sjá hvert það leiðir mig,“ segir Bergrún Fönn og brosir.

Eitt leiddi af öðru

Bergrún Fönn tók þátt í sinni fyrstu snocross-keppni á Egilsstöðum árið 2024. Keppt var á snjósleðum á sérútbúnum brautum þar sem keppendur stukku yfir ýmsar hindranir á miklum hraða. Eftir keppnina var hún fullviss um að þetta vildi hún gera aftur. Ári síðar sneri hún aftur á keppnisbrautina og stóð uppi sem Íslandsmeistari.

Ég spyr Bergrúnu hvernig það hafi komið til að hún fór að keppa í snocrossi. „Pabbi var búinn að vera í snocrossi í langan tíma og varð margfaldur Íslandsmeistari en færði sig svo yfir í rallycrossið. Ég hef fylgst með honum í gegnum árin og eitt leiddi svo af öðru, ég vildi fá að prófa sjálf og taka þátt,“ segir Bergrún Fönn og brosir. Þetta hefur auðvitað lengi verið karllæg grein en ég læt það ekki stoppa mig. Ég á heima þarna alveg eins og strákarnir, aðalatriðið er áhuginn og að leggja sig fram við það sem maður er að gera.

Aðspurð hvað það sé sem heilli hana mest við snocrossið segir Bergrún Fönn: „Ætli það sé ekki það að það eru engar tvær keppnir eins. Það er stór partur af því sem gerir þetta svona skemmtilegt. Auðvitað skiptir höfuðmáli að hafa góða stjórn á sleðanum og geta brugðist hratt við aðstæðum á brautinni.“

Íslandsmeistari í snocrossi

Bergrún Fönn tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í kvennaflokki í snocrossi eftir farsælt keppnistímabil í Íslandsmótaröðinni. Lokakeppnin fór fram á Ólafsfirði í apríl síðastliðnum. Bergrún var áberandi í mótinu og sýndi stöðug og sterk úrslit allt tímabilið sem skiluðu henni titlinum að lokum.

Framtíðarmarkmið Bergrúnar eru skýr. Hún stefnir á að halda áfram að keppa, afla sér meiri reynslu og bæta sig með hverri keppni. Með tvo Íslandsmeistaratitla í farteskinu og mikla ástríðu fyrir mótorsporti virðist framtíðin sannarlega björt.

HIN HLIÐIN

Besta gjöf sem þú hefur fengið? Kettlingurinn Dúlli sem ég fékk þegar ég var fjögurra ára.

Eftirminnilegasta ferðalagið? Ferð til Danmerkur í Legoland í tilefni af afmælinu mínu.

Hvaða litur lýsir þér best? Fjólublár.


Uppáhaldsmatur? BBQ-rif.


Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert? Sleðaferð með fjölskyldu og vinum.

Sturta eða bað? Sturta en bað eftir erfiða keppni.

Draumabíllinn? GMC Sierra 3500 Dually.

Hvað hefur mótað þig mest? Mótorsportið. Ég hef keyrt fjórhjól og sleða frá því að ég var lítil.


BERGRÚN FÖNN 10 ÁRA


ÍSLANDSMEISTARI 2026


BERGRÚN


ÆFING FYRIR RALLYCROSS


ÍSLANDSMEISTARI 2025


ÍSLANDSMEISTARI Í KVENNAFLOKKI 2026

Myndir: Guðný Ágústsdóttir og úr einkasafni.

HLAUPTU Í SUMAR



Allt fyrir hlaupin á einum stað!

Fjallakofinn er með margar gerðir af léttum, öflugum og grófbotna hlaupaskóm sem tryggja öruggt grip við mismunandi aðstæður. Einnig hlaupavesti, vandaðan fatnað, stafi, álteppi og annan nauðsynlegan búnað.

Vertu klár í hlaupasumarið, kíktu til okkar í Hallarmúla 2 og finndu allt það sem best hentar í hlaupin og aðra útivist.

FJALLA KOFINN



Scarpa Ribelle Run LT dömu hlaupaskór
Stærð: 37 - 42
26.995 kr.



Scarpa Spin Planet herra hlaupaskór
Stærð: 40 - 46,5
29.995 kr.



Arc'teryx Sylan Pro dömu hlaupaskór
Stærð: 4 - 7,5
41.995 kr.



Silva Strive Fly hlaupavesti
Stærð: XS - L
14.995 kr.



Odlo Zeroweight dömu hlaupatreyja
Stærð: S - L
15.995 kr.



Odlo Essential hlaupaleggings
Stærð: S - XL
9.995 kr.



Patagonia Terrebone derhúfa
4 Litir
7.995 kr.



Julbo FREQUENCY sólgleraugu
4 Litir
19.995 - 31.995 kr.



Smartwool Crew hlaupasokkar
Stærð: M - XL
5.495 kr.

Hallarmúli 2 | Sími 510 9505 | Fjallakofinn.is

ARC'TERYX patagonia Julbo SILVA SCARPA odlo Smartwool



Nýir þjálfarar meistaraflokks karla í handbolta

Handknattleiksdeild Aftureldingar hefur ráðið þá Hrannar Guðmundsson og Ingimund Ingimundarson sem þjálfara meistaraflokks karla í handbolta.

Hrannar er Mosfellingum að góðu kunnur. Hann er uppalinn hjá Aftureldingu, lék með öllum yngri flokkum félagsins og steig sín fyrstu skref í þjálfun í Mosfellsbæ. Undanfarin ár hefur Hrannar byggt upp öflugan þjálfaraferil. Hann hefur starfað sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla hjá Aftureldingu og ÍR, auk þess að hafa verið aðalþjálfari meistaraflokks karla og kvenna hjá Stjörnunni. Þá er Hrannar hluti af þjálfarateymi A-landsliðs karla.

Ingimundur Ingimundarson kemur inn í þjálfarateymið með Hrannari og færir félaginu mikla reynslu og þekkingu. Hann var lykilmaður í einu sigursælasta landsliði Íslands frá upphafi, vann silfurverðlaun á Ólympíuleikunum 2008 og bronsverðlaun á Evrópumótinu 2010, auk þess að leika 123 A-landsleiki fyrir Ísland.

Sem leikmaður átti Ingimundur afar farsælan feril bæði hér heima og erlendis og lék meðal annars sem atvinnumaður í Sviss, Danmörku, Noregi og Þýskalandi. Hann var hluti af þjálfarateymi Akureyrar á árunum 2016–2018 og hefur síðan þá sinnt þjálfun yngri flokka með góðum árangri, síðast hjá Val.

„Það verður frábært að fá Hrannar og Ingimund í þjálfarateymi Aftureldingar. Hrannar þekkir félagið, menninguna og umhverfið í Mosfellsbæ út og inn, á meðan reynsla og þekking Ingimundar mun nýtast félaginu afar vel, ekki síst í áframhaldandi þróun ungra og efnilegra leikmanna Aftureldingar," segir í tilkynningu frá Aftureldingu.

„Saman mynda þeir metnaðarfullt og öflugt þjálfarateymi sem mun leiða meistaraflokk karla inn í spennandi framtíð og áframhaldandi uppbyggingu á meðal fremstu liða landsins," segir enn fremur.

Skrifuðu undir



Katrín Helga Davíðsdóttir
Það er okkur sönn ánægja að segja frá því að Katrín Helga Davíðsdóttir hefur framlengt samning sinn við Handknattleiksdeild Aftureldingar til ársins 2028.

Katrín Helga er uppalin hjá Aftureldingu og því er afar ánægjulegt að hún hafi ákveðið að halda áfram með félaginu og vera hluti af þeirri vegferð sem fram undan er.

Katrín átti frábært tímabil þar sem hún varð markadrottning Grill 66-deildarinnar með 204 mörk í 21 leik. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún nú þegar spilað 171 leik fyrir meistaraflokk félagsins og skorað 693 mörk.

Gríðarleg ánægja ríkir innan Aftureldingar með að Katrín hafi ákveðið að framlengja samning sinn við uppeldisfélagið sitt. Áframhaldandi samstarf og það að fylgjast með henni halda áfram að skrifa sinn kafla í sögu félagsins er því mikið tilhlökkunarefni.



Matthildur Lóa Baldursdóttir
Það er okkur mikil ánægja að segja frá því að Matthildur Lóa Baldursdóttir hefur samið við Handknattleiksdeild Aftureldingar til næstu tveggja ára.

Matthildur er 19 ára gömul og kemur til okkar frá Fjölni. Hún býr yfir miklum metnaði, spilar sem skytta og er jafnframt öflugur varnarmaður sem mun styrkja hópinn vel.

Afar ánægjulegt er að Matthildur hafi ákveðið að ganga til liðs við Aftureldingu og hlakkar félagið til að sjá hana taka þátt í þeirri spennandi vegferð sem fram undan er. Afturelding býður hana velkomna í Mosó.

Hjólasumarið hafið með stæl: Frábær mæting á kvennasamhjól


GRILL VARÐELDUR

Það var heldur betur líf og fjör á stígunum okkar hér í Mosfellsbæ á dögunum þegar Hjóladeild Aftureldingar og Icebike Trailcenter í Lundi tóku höndum saman og stóðu fyrir glæsilegu fjallahjóla-kvennasamhjóli. Viðburðurinn heppnaðist vonum framar og sannaði að hjólaáhugi kvenna í bænum hefur sjaldan verið meiri.

Hvorki meira né minna en 35 vaskar konur mættu til leiks, tilbúnar að njóta útiverunnar og skemmtilegs félagsskapar. Til að tryggja að allar fengju sem mest út úr ferðinni og gætu hjólað á sínum hraða var hópnum skipt upp í meira og minna vanar hjólakonur.

Það voru engir aukvisar sem leiddu hópana en þar fóru fremstar í flokki reynsluboltarnir María Ögn og Katarína Eik. Þær sáu til þess að allar nytu sín í botn á meðan þræddir voru skemmtilegir stígar.


MARÍA ÖGN OG HRESSAR KONUR Í MOSÓ


KATARÍNA EIK OG MARÍA ÖGN

Grill og gleði í Lundi
Eftir vænan skammt af fersku lofti og fjörugu stígabrasi var haldið aftur að Icebike Trailcenter í Lundi. Þar var tekið á móti hjólurum með grilli og varðeldi og var ekki annað að heyra á mannskapnum en að þetta frábæra kvöld markaði upphaf að frábæru hjólasumri hér í bænum.

Hjólasumar fyrir alla!
Þetta vel heppnaða kvennasamhjól var nefnilega aðeins byrjunin. Á dagskránni í sumar er stefnt á alls kyns samhjól þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Fyrirhugað er að halda fjölskylduhjól, karlahjól og auðvitað fleiri kvennasamhjól.

Markmiðið er einfalt: að búa til hvetjandi aðstæður fyrir sem allra flesta til að koma út að hjóla og njóta dásamlegrar náttúru Mosfellsbæjar í góðum hópi.

Fyrir þau sem vilja ekki missa af fjörinu og fá hjóladelluna beint í æð er um að gera að fylgja bæði Hjóladeild Aftureldingar og Icebike Trailcenter á samfélagsmiðlum. Þar verða öll næstu ævintýri og samhjól auglýst. Sjáumst á stígunum!



Sögulegur vetur að baki hjá fimleikadeildinni

Fimleikadeild Aftureldingar hefur nú lokið sögulegu starfsári. Deildin hefur stækkað jafnt og þétt og fjárfest í búnaði sem styður við metnað iðkenda og árangur til framtíðar. Stór áfangi náðist á keppnistímabilinu þegar deildin tefldi í fyrsta sinn fram sjálfstæðu liði í meistaraflokki. Fyrstu skref liðsins á þeim vettvangi fengu glæsilega umfjöllun í beinni útsendingu RÚV frá Íslandsmótinu í hópfimleikum í maí.

Á síðastliðnum sex árum hefur iðkendum deildarinnar fjölgað úr 250 í rúmlega 600. Deildin hefur þróast úr félagi þar sem iðkendur hættu gjarnan eða skiptu um félag um 13–14 ára aldur í félag sem heldur úti eftirsóknarverðum meistaraflokki. Þá er deildin stolt af því að veita iðkendum sínum sambærilega þjónustu og öflugustu fimleikafélög landsins en halda æfingagjöldum engu að síður um 20% lægri en hjá sambærilegum félögum.

Í sumar býður deildin upp á öflugt sumarstarf sem hefur verið í markvissri uppbyggingu, með það að markmiði að þjónusta Mosfellinga eftir að skólastarfi vetrarins lýkur. Á sumarnámskeiðunum er lögð áhersla á félagsleg tengsl, föndur og þrautir, útiveru, styrk og úthald, leiki og fimleikaæfingar. Einnig er hægt að skrá börn sérstaklega í hádegismat en sú þjónusta stendur þátttakendum allra námskeiða til boða og verður Vallarhúsinu þá breytt í matsal.

Að lokum vill deildin þakka innilega fyrir samstarfið í vetur. Ekkert af þessu hefði orðið að veruleika nema með samhentu átaki foreldra, stjórnar, þjálfara og áhugasamra iðkenda. Þá vill deildin sérstaklega þakka Mosfellsbæ sem hefur sýnt styrk sinn í verki og lagt málefnum deildarinnar lið. Deildin hlakkar til komandi verkefna og þess að halda áfram að byggja upp öflugt fimleikastarf í Mosfellsbæ.

Sumarnámskeið Aftureldingar 2026







Badminton
Blak
Fimleikar
Frjálsar
Handbolti
Hjól
Knattspyrna
Körfubolti
Sund













Skráning á abler
afturelding.is

Nýbúinn í Mosó

SPJALL VIÐ NÝJA ÍBÚA Í MOSFELLSBÆ

Frá stórborgum Evrópu í kyrrðina við Silungatjörn

Nýbúar í Mosfellsbæ

Frá stórborgum Evrópu í kyrrðina við Silungatjörn

Samúel Aron Laufdal Guðlaugsson býr ásamt eiginkonu sinni, Ingu, og syninum, Aksel Hugo, við Silunga- og Krókatjörn í Mosfellsbæ. Fjölskyldan flutti í bæinn fyrir tveimur árum eftir að hafa um árabil búið í þéttbýli bæði hérlendis og erlendis. Í dag nýtur Samúel þess að sameina fjölskyldulíf, arkitektastörf og smíðar í umhverfi þar sem náttúran er aldrei langt undan.

Þegar Samúel og Inga hófu leit að heimili fyrir nokkrum árum voru þau ekki endilega að leita að lífi í Mosfellsbæ. Eftir þrettán ár saman, þar sem borgarlífið hafði að mestu ráðið för og heimili þeirra verið á stöðum á borð við Laugaveginn, Berlín og Barcelona, fundu þau að þörf fyrir rólegra umhverfi var farin að toga í þau. „Við vorum hreinlega komin með nóg af háum byggingum og hraðanum í stórborgunum," segir Samúel. Eftir heimkomu frá Berlín fann hann fyrir sterkri löngun til að vera nær íslenskri náttúru. Esjan, mosinn og víðáttan sem margir taka sem sjálfsögðum hlut urðu allt í einu mikilvægari en áður. Þegar þau svo sáu auglýst hús rétt við mörk höfuðborgarinnar létu þau slag standa og fluttu í Mosfellsbæ.



Náttúran og samfélagið skapa heimatilfinningu

Samúel, sem er Hafnfirðingur í húð og hár, viðurkennir að hann hafi lengi talið að framtíðin lægi annars staðar. „Sem Gaflari ætlaði ég mér aldrei að lifa lífinu annars staðar en í Hafnarfirði," segir hann og brosir. Mosfellsbær hafi hins vegar komið sér á óvart. Þar hafi hann fundið sömu tengingu milli náttúru og samfélags og hann kunni svo vel að meta. Síðustu tvö ár hafi fjölskyldan notið þess að skjóta rótum í bænum þar sem daglegt líf snýst jafnt um bókasafnsferðir, sundlaugarheimsóknir og bakarísstopp. Á góðum degi má því gjarnan finna hann með kryddbrauð eða kanilsnúð úr Mosfellsbakarí á leið í Lágafellslaug. Með 16 mánaða gamlan son á heimilinu segir Samúel barnalífið í Mosfellsbæ einstaklega notalegt og fjölskylduvænt.

Að láta drauma fólks verða að veruleika

Samúel er nýútskrifaður arkitekt og rekur hann eigin stofu samhliða því að starfa sem smiður. Það er þó ekki aðeins hönnunin sjálf sem heillar hann við fagið heldur fólkið á bak við hvert verkefni og draumar þess. „Það sem heillar mig mest við arkitektúr er að láta drauma fólks verða að veruleika," segir hann.

Hann hefur sérlegan áhuga á hönnun sumarhúsa, þar sem sköpunargleðin fær oft að njóta sín til fulls, og segir fjölbreytnina vera einn af helstu kostum starfsins þar sem ekkert verkefni sé eins og hvert og eitt þeirra feli í sér nýjar áskoranir og nýjar hugmyndir.

Kyrrðin við tjarnirnar

Þótt Mosfellsbær státi af mörgum fallegum stöðum þarf Samúel ekki að hugsa sig lengi um þegar hann er spurður um sinn uppáhaldsstað. „Ég á bestu nágranna í heimi," segir hann þegar hann lýsir nánu samfélaginu sem myndast hefur við Silunga- og Krókatjörn, þar sem nágrannar hjálpast að og fjölskyldulífið blómstrar. Að auki nefnir hann kyrrðina, fuglasönginn og nálægðina við náttúruna sem ástæður þess hvers vegna honum líður svo vel á svæðinu.



Hús sem ramma inn náttúruna

Þessa dagana vinnur Samúel meðal annars að stækkun á eigin heimili, sem hann hannaði sjálfur, og óhætt er að segja að þar sameinist tvö helstu áhugamál hans, arkitektúr og smíðar. Í hönnun sinni leggur hann mikla áherslu á að hús falli vel að umhverfi sínu og að náttúran fái að njóta sín. Ef hann fengi að hanna draumahús í Mosfellsbæ yrði það líklega timburhús með stórum gluggum sem ramma inn eitt helsta kennileiti bæjarins. „Arkitektúrinn er nú þegar til staðar, þú þarft bara að ramma hann inn," segir Samúel og vitnar í kennara sinn og vin.



Mælir eindregið með Mosfellsbæ

Það stóð ekki á svörum þegar Samúel var spurður hvað hann myndi segja við þau sem velta því fyrir sér að flytja í Mosfellsbæ. „Bæði bærinn og sveitirnar í kring bjóða upp á einstök lífsgæði þar sem nálægðin við náttúruna, öflugt samfélag og fjölskylduvænt umhverfi fara saman," svarar hann um leið og hann bætir við að flutningurinn til Mosfellsbæjar hafi reynst eitt það besta skref sem þau fjölskyldan hafi tekið og að hann geti vart ímyndað sér annað líf en það sem hann hefur skapað sér og fjölskyldu sinni í Mosfellsbæ.

Ef þú þekkir einhvern sem hefur flutt til bæjarins nýlega máttu endilega senda okkur ábendingu á netfangið hafrun@mosfellingur.is. Við hlökkum til að heyra frá ykkur.



Hlöðver Máni skrifar

Ozempic og frænka mín hvarf – en sat samt við hliðina á mér

Það var eitthvað svo skrítið við það þegar ég hitti frænku mína um daginn. Ekki af því að hún var mætt á ættarmót í fyrsta skipti síðan 2017 eða af því að hún talaði núna um prótein eins og fólk talaði áður um rauðvín. Nei. Það skrítna var að ég gekk fram hjá henni tvisvar áður en ég áttaði mig á því að þetta væri hún.

Þessi kona var einu sinni svo stór að ef hún settist í La-Z-Boy-hægindastól varð hann einfaldlega bara venjulegur stóll. Í dag er staðan þannig að hún gæti líklega málað ljósastaur að innan ef hún stæði rétt við hann. Hún er orðin svo mjó að þegar hún snýr sér til hliðar í roki þarf fólk að halda í hana eins og kvittun frá Bónus.

„Ozempic," sagði hún með sama svip og menn höfðu þegar þeir kynntu mér Internetið árið 1998.

Og maður skilur auðvitað aðdráttaraflið.

Í þúsundir ára hefur mannkynið verið í stöðugu stríði við hitaeiningar. Fólk hefur drukkið sellerísafa, étið hvítkálssúpu í sex vikur og keypt æfingatæki sem enda sem fatahengi og kort í ræktina með sama ákafa og menn ganga í nýárssöfnuði. Nú kemur allt í einu lítil sprauta sem segir við heilann: „Veistu hvað? Kannski þarftu ekki fjórar samlokur og tvær fernur af kókómjólk klukkan ellefu að kvöldi."

Það er auðvitað bylting.

Margir léttast um tugi kílóa. Blóðsykur lagast. Blóðþrýstingur lækkar. Fólk kemst upp stiga án þess að þurfa að semja erfðaskrá á miðri leið. Sumir segja jafnvel að þráhyggja fyrir mat minnki svo mikið að þeir geti gengið fram hjá kanilsnúð án þess að upplifa innri borgarastyrjöld.

En svo eru gallarnir.

Því líkaminn er ekkert sérstaklega hrifinn af því þegar maður ákveður allt í einu að hætta að vera maður sem borðar eins og hann sé að undirbúa veturinn árið 1847. Ógleði, magaverkir, hægðatregða, niðurgangur og uppþemba. Það er eiginlega eins og meltingarkerfið fari í verkfall og stéttarfélag þess neiti öllum viðræðum fyrstu vikurnar.

Síðan eru alvarlegri hlutirnir sem læknar fylgjast með: brisbólgur, gallblöðruvandamál, nýrnavandamál og ýmsar aukaverkanir sem eru sjaldgæfar en samt nógu alvarlegar til að enginn ætti að nálgast þetta eins og vítamíntöflu sem maður fékk með afgreiðslunni á bensínstöð.



Það sem mér finnst þó áhugaverðast er hvað Ozempic hefur breytt umræðunni.

Fyrir tíu árum var fólki sagt að það þyrfti bara meiri aga. Nú er allt í einu komið lyf sem sýnir að hungur er ekki bara karaktergalli heldur líka líffræði. Það er dálítið vandræðalegt fyrir alla sem hafa eytt síðustu tuttugu árum í að öskra „bara borða minna".

Kannski er Ozempic mesta læknisfræðilega bylting síðari ára. Kannski verður þetta lyf sem bjargar milljónum manna frá offitu og þeim sjúkdómum sem fylgja henni.

Ég veit það ekki.

En ég veit eitt.

Ef þú hittir frænku mína úti á götu í dag myndir þú líklega halda að hún væri nýbúin að hlaupa maraþon.

Ég man hins vegar enn eftir henni þegar hún gat étið þrjár pylsur og tvo snúða og kvartað yfir því að vera ekkert sérstaklega svöng.

Og ef það er ekki kraftaverk þá veit ég ekki alveg hvað það er.

Málþing um farsæld barna haldið í Hlégarði

Um 100 þátttakendur sóttu nýverið málþingið *Er farsældin að virka?* sem haldið var í Hlégarði. Þar komu saman fulltrúar skóla, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og annarra aðila sem vinna að farsæld barna í Mosfellsbæ og nágrannasveitarfélögum.

Á þinginu var farið yfir reynslu af innleiðingu farsældarlaganna sem tóku gildi árið 2022, auk þess sem rætt var um samstarf, þjónustu og næstu skref í málaflokknum. Einnig voru flutt erindi frá fagfólki og reynslusögur foreldra og barna.

Markmið laganna er að tryggja börnum og fjölskyldum þeirra samfelldari og skilvirkari þjónustu þegar þörf krefur.

Tillögur um minna álag í grunnskólum

Í nýrri skýrslu fyrir Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) eru lagðar fram tillögur að úrbótum í grunnskólastarfi með það að markmiði að draga úr álagi á starfsfólk skóla.

Meðal þeirra aðgerða sem njóta hæsta forgangs eru skýrari verkferlar vegna nemenda með alvarlegan hegðunarvanda, aukinn stuðningur við þá skóla sem búa við mest álag, fækkun funda og einfaldari skýrslugerð. Einnig er lagt til að hóf verði haft í innleiðingu nýrra þróunarverkefna í skólum.

Gert er ráð fyrir að vinna við helstu úrbætur hefjist á næstu sex mánuðum.



Takk fyrir okkur!

Við þökkum bæjarbúum innilega fyrir stuðninginn í nýafstöðnum kosningum.

Fram undan eru spennandi verkefni og við hlökkum til að vinna með ykkur að áframhaldandi uppbyggingu og farsælli framtíð fyrir Mosfellsbæ.

Samfylkingin í Mosfellsbæ





Nýr matsalur styrkir hjarta Reykjadals í Mosfellsdal

Í rúmlega sextíu ár hefur Reykjadalur í Mosfellsdal verið einstakur samverustaður fyrir fötluð börn og ungmenni. Þar hafa myndast sterk vináttubönd og ótal minningar í gegnum árin. Nú stendur Reykjadalur hins vegar frammi fyrir þeirri áskorun að aðstaðan hefur ekki haldið í við þróun starfseminnar eða nútímakröfur um aðgengi. Þröng rými gera það að verkum að erfitt getur verið að athafna sig og aðgengi víða takmarkað. Því hefur Gló stuðningsfélag hafið söfnun fyrir umfangsmikilli uppbyggingu í Reykjadal í Mosfellsdal með nýjum matsal, endurnýjuðu eldhúsi og bættri aðstöðu fyrir starfsfólk.

„Aðstaðan í gamla skálanum sem við notum sem matsal mætir hvorki þörfum gestanna né almennum kröfum um aðgengi," segir Hildur Helgadóttir, starfandi forstöðumaður Reykjadals. „Við ætlum okkur að byggja eitthvað miklu meira en bara eitthvað hús. Við viljum skapa umhverfi sem hvetur til samveru, leiks og svo auðvitað góðrar næringar."

Matsalurinn gegnir lykilhlutverki í daglegu lífi Reykjadals. Þar hittast allir gestir dagsins, borða saman, hlæja, spjalla og skipuleggja næstu ævintýri. Fyrir mörg er hann hjarta staðarins. Það er því ekki aðeins verið að byggja nýtt húsnæði heldur skapa betri umgjörð um samfélagið og samveruna sem hefur einkennt Reykjadal í áratugi.

Áætlað er að heildarkostnaður framkvæmdarinnar verði yfir 300 milljónir króna og byggir fjármögnun verkefnisins á samspili styrkja, sjóða og stuðnings frá almenningi og atvinnulífi. Nýja viðbyggingin verður um 373 fermetrar að stærð og er hluti af stærri framtíðarsýn fyrir Reykjadal. Þar verður rúmgóður matsalur með góðri tengingu við útisvæði, nútímalegt eldhús og bætt starfsaðstaða.

Nýja viðbyggingin er hönnuð af Mosfellingnum Birtu Fróðadóttur arkitekt og Teiknistofunni Stiku. Landslag sér um lóðarhönnun og Ferill verkfræðistofa um verkfræðihönnun. Sérstök áhersla verður lögð á algilda hönnun þar sem aðgengi er ekki hugsað sem viðbót heldur grunnforsenda. Markmiðið er að skapa hlýlegt og mannvænt umhverfi sem gerir daglegt líf einfaldara og betra fyrir bæði gesti og starfsfólk.

Reykjadalur hefur um áratugaskeið verið hluti af samfélaginu í Mosfellsdal og stuðningur heimamanna hefur skipt starfsemina miklu máli. Góðgerðargolfmótið Palla Open fer fram í sjötta sinn þann 13. júní í samstarfi við Golfklúbb Mosfellsbæjar og mun allur ágóði af mótinu renna til verkefnisins líkt og síðustu ár.

Með þessari uppbyggingu skapast ekki aðeins betri aðstæður fyrir núverandi gesti heldur einnig sterkari grunnur fyrir framtíð Reykjadals. Nýja viðbyggingin mun marka tímamót í starfseminni og bæta upplifun og aðstöðu fyrir komandi kynslóðir barna og ungmenna sem sækja Reykjadal á hverju ári.

Allur stuðningur, stór sem smár, færir verkefnið nær því markmiði að tryggja að öll fái sæti við borðið. Hægt er að leggja söfnuninni lið á síðunni https://sofnun.reykjadalur.is/.



Mosfellsk hugmyndaauðgi sigraði Evolytes-hönnunarsamkeppni



Mikil sköpunargleði ríkti í maí þegar hugmynda- og hönnunarsamkeppnin *Evolytes-fjölskyldan mín* fór fram um land allt. Þar fengu um þúsund börn tækifæri til að hanna sína eigin Evolytes-fjölskyldu sem mun lifna við og verða að persónum í þessum vinsæla tölvuleik og taka virkan þátt í að móta ævintýraheim Evolytes.

Evolytes er íslenskur kennsluleikur sem sameinar tölvuleik og stærðfræðinám á skemmtilegan hátt. Í leiknum fara börn í ævintýri, leysa verkefni og þjálfa verur sem þróast eftir því sem færni þeirra vex. Markmið leiksins er að gera stærðfræði bæði skemmtilegri og aðgengilegri fyrir börn með því að nýta leikjavæðingu og gagnvirkt nám. Evolytes er nú notaður í fjölda grunnskóla um land allt og hefur vakið athygli fyrir nýstárlega nálgun í stærðfræðikennslu.

Keppendur voru hvattir til að láta ímyndunaraflið njóta sín, bæði með því að teikna fjölskylduna sína og lýsa einstökum eiginleikum og hlutverki persónanna. Úr varð fjölbreytt flóra hugmynda þar sem sköpunarkraftur barnanna fékk að njóta sín til fulls.

Við verðlaunaathöfn sem fram fór í Smáralind þann 22. maí var valinn sigurvegari fyrir bestu hugmyndina. Verðlaunin



eru ekki af verri endanum því sigurhugmyndin fer nú í þróun og verður hluti af sjálfum Evolytes-tölvuleiknum. Þar fær höfundurinn tækifæri til að sjá og spila með eigin persónum í leiknum.

Það var Hafþór Þrándarson, 10 ára nemandi við Krikaskóla í Mosfellsbæ, sem stóð uppi sem sigurvegari. Hugmynd hans vakti athygli dómnefndar en hún byggir á skemmtilegri og samheldinni fjölskyldu sem samanstendur af fimm eftirminnilegum karakterum: Bergi, Steinbíti, Steina, Bergsteini og Steinbergi. Eins og nöfnin bera með sér þá voru þessar persónur allar byggðar á steinum og verða því steinakallar, sem hannaðir voru af Mosfellingi, í næstu útgáfu af tölvuleiknum.

Nú bíður þessara nýju hetja það spennandi hlutverk að stíga inn í heim Evolytes þar sem leikmenn fá brátt að kynnast þeim nánar, fylgjast með ævintýrum þeirra á skjánum og sjá fjölskylduna lifna við í leiknum.





Útskriftarhátíð FMOS

Útskriftarhátíð Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fór fram föstudaginn 29. maí við hátíðlega athöfn í húsnæði skólans við Bjarkarholt 35.

Að þessu sinni voru 22 nemendur brautskráðir. Af opinni stúdentsbraut - almennu kjörsviði voru brautskráðir tíu nemendur, einn af náttúruvísindabraut og tveir af félags- og hugvísindabraut. Af hestakjörsviði voru útskrifaðir fjórir nemendur og af íþrótta- og lýðheilsukjörsviði tveir nemendur. Af umhverfis- og lýðheilsubraut brautskráðust tveir nemendur og einn af sérnámsbraut.

Verðlaun fyrir góðan árangur á stúdentsprófi fékk Ásgerður Líf Óskarsdóttir, nemandi á hestakjörsviði, með einkunnina 9,43.

Við athöfnina voru flutt tónlistaratriði frá nemendum tónlistardeildar Listaskóla Mosfellsbæjar en hefð er fyrir því að nemendur tónlistardeildar flytji tónlist á útskriftarhátíðum skólans við góðar undirtektir, enda um áralangt farsælt samstarf á milli skólanna að ræða. Fulltrúi kennara hélt ræðu fyrir hönd starfsmanna og einnig hélt nýstúdent ræðu fyrir hönd útskriftarnema.

Í ræðu skólameistara, Kristjáns Arnar Ingasonar, kom m.a. fram ósk um bjarta framtíð til handa útskriftarnemum og hvatning um að gefa sér góðan tíma til að íhuga næstu skref í lífinu. Að lokum var útskriftarnemendum óskað til hamingju með áfangann og árangurinn og þeim óskað velfarnaðar í framtíðinni.



Barnadjass í Mosó

Nú styttist í að sumarleyfin byrji og íþróttalið og skátahópar landsins keppast við að safna fyrir ferðum og hátíðum. Það styttist líka í tónlistarhátíðina *Barnadjass í Mosó* sem er einmitt sumarmót barna í tónlistarnámi. Börn frá Íslandi, Noregi og Færeyjum munu hittast og spila saman, spinna og skemmta sér í bænum. Metþátttaka verður í ár en við sem erum aðstandendur hátíðarinnar leggjum áherslu á að hún sé aðgengileg fyrir öll börn. Þess vegna er ókeypis inn á alla fimm tónleika hátíðarinnar og kostnaði við þátttöku á námskeiðunum er haldið í lágmarki. Þar af leiðandi er verkefnið, eins og fleiri tómstundaverkefni, háð styrkjum.

Allir sem hafa komið að því að halda einhvers konar íþrótta- eða tómstundamót vita að svona verkefnum fylgir töluverður kostnaður. Margir leggja hönd á plóg og fékk Barnadjass í Mosó meðal annars styrk úr Lista- og menningarsjóði Mosfellsbæjar í lok apríl. Meðlimir mosfellsku hljómsveitarinnar Djasskrakkar tóku við styrknum fyrir hönd hátíðarinnar. Þessi styrkur er okkur gríðarlega mikilvægur stuðningur en sýnir okkur líka að þetta er verkefni sem bærinn setur í forgang fyrir börnin okkar. Það er dýrmætt og veitir okkur kraft til að halda starfinu áfram.

Aðstandendur hátíðarinnar í bænum, foreldrar og starfsfólk Listaskólans vinna sjálfboðastarf og íslenskukennararnir sem kenna á námskeiðunum hafa tekið á sig launalækkun til þess að hátíðin verði að veruleika fjórða árið í röð. Þetta er ekki sjálfgefið.



Á síðustu dögum hafa meðlimir Djasskrakka, sem er gestgjafahljómsveit Barnadjasshátíðarinnar, gengið í hús í bænum, safnað dósum og selt bakkelsi. Þeim hefur verið vel tekið og margir styrkt þau. Einnig hafa borist styrkir frá einstaklingum og fyrirtækjum í bænum. Við erum svo þakklát fyrir alla styrki sem við höfum fengið og gaman er að finna jákvæðni og meðbyr bæjarbúa í garð verkefnisins.

Söfnun styrkja fyrir Barnadjass 2026 er ekki alveg komin í mark og þess vegna hefur verið sett af stað söfnun á Karolina Fund: https://www.karolinafund.com/project/view/6774

Einnig má hafa samband við okkur beint með tölvupósti (gudrunthuridur@gmail.com) ef óskað er eftir því að hressir djasskrakkar skoppi við og sæki dósir.

Við hlökkum til að sjá ykkur á Barnadjassi í Mosó!

Fyrir hönd skipuleggjenda hátíðarinnar,
Guðrún Þuríður Höskuldsdóttir

Takk fyrir stuðninginn Mosfellingar



Kosningabaráttunni er lokið og niðurstaðan liggur fyrir. Við í Sjálfstæðisflokknum viljum færa Mosfellingum okkar innilegustu þakkir fyrir það traust sem okkur var sýnt í sveitarstjórnarkosningunum.

Stuðningurinn sem við fengum er okkur bæði hvatning og ábyrgð. Við tökum því verkefni sem okkur hefur verið falið af auðmýkt og metnaði. Við vitum að traust fæst ekki aðeins með orðum heldur með verkum og það er okkar hlutverk að standa undir þeim væntingum sem íbúar hafa til okkar á næstu árum.

Kosningabaráttan var skemmtilegt ferðalag sem gaf okkur tækifæri til að hitta fjölda Mosfellinga, hlusta á sjónarmið, ábendingar og hugmyndir um hvernig við getum gert gott samfélag enn betra. Fyrir þau samtöl erum við sérstaklega þakklát. Þau minna okkur á hversu sterkt samfélag Mosfellsbær er og hversu margir leggja sitt af mörkum til að bæjarfélagið okkar blómstri.

Frelsi, ábyrgð og mannleg nálgun

Nú tekur við nýr kafli. Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn hafa myndað meirihluta í bæjarstjórn Mosfellsbæjar á grundvelli málefnasamnings sem byggir á ábyrgð, traustri stjórnsýslu og metnaði fyrir áframhaldandi uppbyggingu bæjarins.

Fram undan eru fjölbreytt verkefni. Við ætlum að vinna að öflugri þjónustu við íbúa, ábyrgum rekstri bæjarins, áframhaldandi uppbyggingu innviða og því að skapa góð skilyrði fyrir fjölskyldur, fyrirtæki, íþróttir, menningu og mannlíf. Við ætlum að nálgast þau verkefni af krafti en jafnframt með opnum huga og vilja til samstarfs.

Tvöföldun atkvæðafjölda

Í kosningunum 16. maí tvöfaldaði Sjálfstæðisflokkurinn í Mosfellsbæ atkvæðafjölda sinn, úr um 1.500 atkvæðum í 3.000, og bætti við sig 15 prósentustigum, sem var mesta fylgisaukning flokks á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins viljum við enn og aftur þakka fyrir traustið. Nú er tími til kominn að bretta upp ermar og hefjast handa. Við hlökkum til að vinna fyrir Mosfellinga alla á næstu fjórum árum.

Fyrir hönd frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins og fyrir heimabæinn.

Hilmar Gunnarsson,
oddviti Sjálfstæðisflokksins
í Mosfellsbæ.

Gleðilegt sumar!



Sumarið er komið og fram undan eru bjartir dagar, útivera og skemmtilegar stundir með fjölskyldu og félögum. Af því tilefni viljum við óska öllum Mosfellingum gleðilegs sumars og þakka fyrir veturinn sem er að baki. Margir iðkendur fara nú í keppnisferðir í sumar eða fóru í vetur og við erum þakklát fyrir veittan stuðning þegar iðkendur bönkuðu upp á hjá ykkur til að safna dósum eða selja varning og/eða happdrættismiða. Án ykkar stuðnings væri ekki hægt að fara í þessar dýrmætu ferðir.

Sumarnámskeið

Sumarið er líka frábær tími fyrir börn og ungmenni til að prófa eitthvað nýtt, kynnast nýju fólki og njóta fjölbreyttrar afþreyingar. Við viljum því hvetja foreldra og forráðamenn til að kynna sér það glæsilega úrval sumarnámskeiða sem félagið býður upp á í sumar. Allar upplýsingar má finna á Abler og þar fer skráning einnig fram.

Á námskeiðunum gefst börnum tækifæri til að efla færni sína, styrkja sjálfstraustið og taka þátt í skemmtilegu og uppbyggilegu starfi undir leiðsögn öflugra þjálfara og leiðbeinenda. Þar ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi. Við vonum jafnframt að sem flest börn og ungmenni kynnist íþróttum sem vekja áhuga þeirra og verði upphafið að áframhaldandi þátttöku í íþróttastarfi félagsins næsta vetur. Íþróttirnar skapa ekki aðeins vettvang fyrir hreyfingu og heilsu heldur einnig vináttu, samveru og dýrmæta lífsreynslu.

Allir á völlinn

Við vonumst einnig til að sjá sem flesta á vellinum í sumar og hvetjum Mosfellinga til að mæta og styðja við okkar öflugu meistaraflokka. Kvennaliðið leikur í 2. deild og karlaliðið í Lengjudeildinni. Bæði lið hafa sett sér metnaðarfull markmið fyrir sumarið og ætla sér stóra hluti. Til að ná þeim markmiðum skiptir stuðningur heimafólks gríðarlega miklu máli. Það er fátt sem jafnast á við stemninguna á heimaleikjum þegar samfélagið kemur saman, hvetur sitt fólk áfram og skapar jákvæða umgjörð í kringum liðin okkar. Við vonumst því til að sjá Mosfellinga fjölmenna á völlinn í sumar.

Við hlökkum til að sjá sem flesta í sumarstarfinu og á vellinum.

Gleðilegt sumar!

Hanna Björk, íþróttafulltrúi
Aftureldingar

Hvað gerist í sumar?



Þótt við í Framsókn séum nú komin í minnihluta bæjarstjórnar munu íbúar Mosfellsbæjar áfram njóta góðs af þeirri uppbyggingu sem ráðist var í á síðasta kjörtímabili. Fjölmörg verkefni sem hafa verið í undirbúningi undanfarin ár eru nú að verða að veruleika og munu bæta þjónustu, aðstöðu og lífsgæði í Mosfellsbæ strax í sumar.



Uppbygging að Varmá

Eitt af þeim verkefnum sem margir hafa beðið eftir er ný þjónustu- og aðkomubygging að Varmá. Nú er unnið að því að ganga frá lokasamningi við rekstraraðilann Eignabyggð og þegar samningurinn liggur fyrir getur uppbyggingin loks hafist af fullum krafti.

Undanfarna mánuði hefur einnig verið unnið að nýrri félagsaðstöðu fyrir Aftureldingu í Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Aðstaðan er staðsett fyrir ofan kraftlyftingasalinn og íþróttageymslur salanna og eru framkvæmdir á lokastigi. Afturelding fær húsnæðið afhent í júní og mun félagið sjá um lokafráganginn.

Framkvæmdir við nýjan frjálsíþróttavöll eru einnig á lokastigi og stefnt er að því að völlurinn verði tilbúinn í júlí. Þar verður upphituð 200 metra hlaupabraut ásamt aðstöðu fyrir hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp og sprettæfingar. Þetta verður mjög mikilvæg viðbót við íþróttaaðstöðu bæjarins.

Saga og framtíð Álafosskvosar

Í Álafosskvos eru einnig spennandi verkefni fram undan. Þar er stefnt að opnun kaffihúss, verslunar og sýningar sem segir sögu Álafosskvosar og ullariðnaðarins á Íslandi. Reksturinn verður í höndum einkaaðila en Mosfellsbær kemur að verkefninu og hefur stutt við uppbygginguna. Markmiðið er að skapa lifandi áfangastað þar sem saga, menning og upplifun fara saman.

Verkefnið er hluti af uppbyggingu Álafosskvosar sem menningar- og ferðamannasvæðis í samræmi við atvinnustefnu Mosfellsbæjar 2023-2030. Greining Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins á svæðinu benti til mikilla tækifæra til frekari þróunar og staðfesti þann áhuga sem Álafosskvos nýtur meðal íbúa og annarra gesta.

Jafnframt býður Mosfellsbær eftir því að ráðherra staðfesti verndarsvæði í byggð fyrir Álafosskvos. Slík vernd viðurkennir sérstakt menningarsögulegt, byggingarlistalegt og fagurfræðilegt gildi svæðisins og styrkir stöðu þess til framtíðar.

Frekari möguleikar til hreyfingar

Við Kvíslarskóla rís loks alvöru útikörfuboltavöllur í fullri stærð með sex körfum. Völlurinn verður mikilvæg viðbót við íþróttaaðstöðu Mosfellsbæjar og mun skapa ný tækifæri til æfinga, leikja og útivistar fyrir börn, ungmenni og aðra íbúa bæjarins. Stefnt er að því að völlurinn verði tilbúinn í ágúst.

Einnig er verið að gera nýja fjallahjólabraut, svokallaða „pump track“ braut, með fjölbreyttum hæðum og sveigjum sem hentar bæði yngri og eldri hjólurum. Hún verður góð viðbót við hjólaaðstöðuna í bænum og styrkir enn frekar möguleika til útivistar og hreyfingar. Til viðbótar við þessar framkvæmdir verður helgaropnun Lágafellslaugar lengd í sumar.

Þakklæti og áframhaldandi þjónusta

Síðustu fjögur ár hafa liðið hratt og hefur miklu verið áorkað. Við í Framsókn erum stolt af þeim verkefnum sem hafa orðið að veruleika á kjörtímabilinu 2022–2026 og viljum jafnframt þakka bæjarbúum fyrir þann stuðning sem okkur var sýndur í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum.

Við í Framsókn munum áfram vinna af heilindum, ábyrgð og alúð fyrir Mosfellsbæ. Sem fyrr verða áherslur okkar á framþróun bæjarins, bætta þjónustu og öflugt samfélag þar sem hagsmunir íbúa eru ávallt í forgrunni.

Halla Karen Kristjánsdóttir,
bæjarfulltrúi Framsóknar
Sævar Birgisson, bæjarfulltrúi
Framsóknar

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

FHS
Hjálmar Guðmundsson
Löggildur húsasmíðameistari
s:6959922
fhsverk@gmail.com

FÓTAAÐGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

Gluggafilmur · Sólarfilmur · Öryggisfilmur
Mætum ▸ Mælum ▸ Hönnum
BestPrent.is
661 5054
steini@bestprent.is

Fisk~
búðin
Mos

CONSENSA

Dalsgarður
– við gerum rósir

Mg
MINI GARÐURINN

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

MALBIKSTÖÐIN

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson S: 896 8242 | Jóhanna Eiríksdóttir | Jón G. Bjarnason S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is

VIÐ SÆKJUM BÍLA FRÍTT TIL FÖRGUNAR!
...og þú færð greitt 30.000 Kr. skilagjald



KRAFT FLUTNINGAR
BÍLA- & TÆKJAFLUTNINGAR
551-2280



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
SJÓVÁ TM VÍS VÖRÐUR
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

Fébætur
Innheimta slysa- og skaðabóta

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142





OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA
Lágafellslaug
Virkir dagar: 6:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00
Varmárlaug
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF



BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM
TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR
EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

HEYRST HEFUR ...

... að Aron Can og Erna María séu að flytja í Mosfellsbæ.

... að Hafþór Þrándarson hafi unnið hönnunarkeppni Evolytes.

... að Einar Ingi hafi verið steggjaður á Akureyri og endað með hring í nefinu og litað hár.

... að Dorrit Moussaieff elski Ólaf Ragnar Grímsson en vilji ekki að hann gefi sér skartgripi.

... að Villi Karl hafi gefið út lagið Manifest og bætt enn einu lagi við sitt lagasafn eingöngu 19 ára gamall.

... að Þóreyju Rósu hafi fundist gatið hans Einars eftir steggjunina mjög kynæsandi.

... að mögulega séum við að fara að losna við ruslalyktina í Mosfellsbæ.

... að Aldís og Bjarni hafi eytt þremur dögum í að skoða kirkjur í Nice í Frakklandi. Alls skoðuðu þau 21 kirkju á svæðinu.

... að Bergur Kári Atlason hafi orðið Íslandsmeistari í glímu í sínum flokki á dögunum.

... að Jóhönnu Jónsdóttur finnist fátt skemmtilegra en að gera dyraat með börnunum sínum og að margir hafi náð henni á Ring-dyrabjöllunum sínum.

... að Helga Klara æfi sig alla daga fyrir Álafosshlaupið sem er 12. júní. Hún stefnir á 5 km.

... að Íris Hlín ætli bara að ferðast innanlands í sumar til að mótmæla háu flugverði.

... að Heiðrún og Kristó eigi bara sjö ketti núna því einn hafi fundið sér nýtt heimili og hafi ekki sést í tvær vikur.

... að boranir hjá Veitum hafi verið stöðvaðar vegna bergmylsnu sem fer í ána.

... að Heiða Sigmarsdóttir hafi stolið hellum frá nágranna sínum en hafi svo þurft að skila þeim aftur viku seinna.

... að Helgafest verði endurvakið í þriðja sinn um miðjan júlí með enn glæsilegri dagskrá en í fyrra.

... að Oak restaurant hafi verið fullt út að dyrum á opnunardegi

...að Ihor Kopyshynskyi verður ekki áfram í herbúðum Aftureldingar á næsta tímabil

...að Jónas fór holu í höggi á 6. holu í Bakkakoti mánudaginn 8. júní

...að Þitt Öryggi sé nýr styrktaraðili knattspyrnudeildar Aftureldingar, ekki mitt öryggi og alls ekki öryggið sem gaf sig í sumarbústaðnum hans Björgvins í fyrra.

...að nýtt jazztríó, TTT, stígur á stokk á stofutónleikum á Gljúfrasteini næsta sunnudag klukkan 16. Meðlimir eru Tumi Torfason trompetleikari, Tumi Árnason tenórsaxófónleikari og Tómas Jónsson, sem mun leika á flygil nóbelskáldsins

...að Mosfellingar telji sig búa í sveit þegar þeir tala við Reykvíkinga en í borg þegar þeir tala við fólk af landsbyggðinni

Sendið okkur á mosfellingur@mosfellingur.is

MOSFELLSBAKARÍ

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Anton Viðar fæddist í dásamlegri heimafæðingu þann 13. desember. Foreldrar hans eru Svandís Sif og Bjarki Freyr og systkini hans eru Styrmir Örn og Eyrún María.



Nýr Mosfellingur bættist við þegar Hinrik Árni fæddist 30. nóvember sl. Hann var 3372 g og 51 cm. Foreldrar hans eru Halla Margrét og Marinó. Bræður hans eru Kári Hrafn og Breki Leó.



Einhleyp/ur mánaðarins



LÝÐUR JÓNSSON

Hvernig myndir þú lýsa draumamakanum þínum í þremur orðum? S-in þrjú klikka aldrei! Sexí, sæt og sjálfstæð.
Hvað má draumamakinn þinn aldrei segja á fyrsta deiti? „Nei, ég drekk ekki.“
Hvort skiptir meira máli: húmor eða gáfur? Húmor.
Hvernig myndi fullkomið deit líta út? 9 holur í kvöldsólinni og ef ég er heppinn þá er það 10. holan.
Hvort er meira aðlaðandi: sjálfstraust eða góðmennska? Gott sjálfstraust hefur alltaf heillað mig, ég vil hafa maka sem tekur stjórnina.
Hvaða raunveruleikasjónvarpsþátt myndi draumamakinn þinn aldrei neyða þig til að horfa á? Game of Thrones.
Hvaða sameiginlega áhugamál væri skemmtilegast að eiga? Ég hef alltaf gaman af kajakróðri og væri gaman að deila því með einni sætri.
Myndir þú frekar velja rómantíska einstakling eða fyndinn einstakling? Ef hún myndi bíða eftir mér á evuklæðunum einum saman, með eina rós í munninum, segði maður ekki nei við því.
Hvað er „rauða flaggið“ sem þú myndir líklega hunsa? Stjórnsemi, ég vil láta tuska mig til.
Ef draumamakinn þinn væri heimilistæki, hvaða tæki væri það og af hverju? Kannski uppþvottavél — róleg, áreiðanleg og sér um draslið án þess að kvarta. Bónus ef hún er líka með „quick wash“ fyrir stressaða daga.

Ábendingar sendar á mosfellingur@mosfellingur.is



EINKA MÁLA AUGLÝS INGAR

Kona (41), eigandi þriggja stofupúða sem má ekki nota, leitar að manni sem skilur að „ég er tilbúin eftir fimm mínútur“ er frekar heimspekileg hugmynd en nákvæm tímamæling.

Áhugamál: Að færa til hluti sem voru alveg í lagi þar sem þeir voru, horfa á fasteignaauglýsingar án þess að ætla að kaupa neitt og kaupa kerti sem eru of fín til að kveikja á.

Kostir: Man afmælisdaga, finn hluti sem aðrir finna ekki og get lesið skap annarra áður en þeir vita sjálfir hvernig þeim líður.

Ókostir: Spyr stundum „ertu reiður?“ þegar maðurinn er bókstaflega bara að horfa út um gluggann.

Skilyrði: Þú þarft að geta svarað spurningunni „hvað finnst þér?“ án þess að segja „mér er sama“.

Karlmaður (47), með þrjú verkefni í gangi og tuttugu hugmyndir í viðbót, leitar að konu sem getur greint muninn á framtíðarsýn og skyndiákvörðun.

Áhugamál: Að kaupa verkfæri fyrir verkefni sem hefjast aldrei, ræða fótbolta af alvöru við fólk sem bað ekki um það og reikna út hvað ég hefði grætt ef ég hefði keypt hlutabréf árið 2009.

Kostir: Get lagað nánast allt á heimilinu, að vísu yfirleitt eftir þrjár ferðir í byggingavöruverslun og eitt skapofsakast.

Ókostir: Segi „þetta tekur fimm mínútur“ um verkefni sem enda stundum á heilli helgi.

Skilyrði: Þú þarft að geta hlustað á nýja viðskiptahugmynd á þriðjudagskvöldi og ekki hringt strax í fjármálaráðgjafa.



NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT

25. ÁGÚST

Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA >>> VERSLUM Í HEIMABYGGÐ


GIRÐIR

ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



Öll almenn véru- og kranabílaþjónusta

- Grabbi, grjótkló, mannkarfa.
- Vatnstankur með dælu.
- Trjáfellingar og förgun.
- Útvega öll jarðefni.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær — Sími 578 5080

Ökukennsla HREIÐARS

8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR

Flugumýri 2 - Sími 566-6216

Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

MALBIKSTÖÐIN

MG LÖGMENN

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

www.arioddsson.is

ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað er skemmtilegast við 17.júní?



KARÍTAS KOLBRÚN
Hitta vini mína og borða nammi og fara í hoppukastala.



MAGNÚS INGI
Borða nammi og hitta alla vini mína og fara í tækin sem verða í bænum.




RONJA NÓTT
Borða mikið nammi og fara í tækin.



SÓLEY RÚN
Fá Candy floss og nammi og fara í sleggjuna.



ELMAR DAGUR
Halda á fána, syngja og hlusta á Hæ hó, jibbí jei og jibbí jei, það er kominn 17. júní.



ALDEY MIST
Mér finnnst skemtilegast að fara í hoppukastala.

Fylgdu okkur á Instagram...




HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is


Alvöru veisla


Stebbi og Einar Ingi í góðum málum


Karen Anna og vinkonur



Þar sem hjartað slær


Raggi og Anna skelltu sér í golfhermi


Best klædd á kjörstað 2026




Mattías og Páll

MAGIC MIKES



TVÍFARAR


Guðrún Astrid Elvarsdóttir
Kennari í Helgafellsskóla og Mosfellingur


Cameron Diaz leikkona



PIZZAN

TVENNU TILBOÐ



Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Mg MINI GARÐURINN



UNGUR HUGMYNDASMIÐUR

Hafþór Þrándarson sigraði Evoytes hönnunarkeppnina, bls. 32. Stoltir foreldrar Hafrún Hafliðadóttir, Þrándur Gíslason Roth og sytskinin Þorbergur, Hafþór og Daggrós Birta.

Sæktu Landsbanka-appið
App Store Google Play

MÚLALUNDUR
Ritfangaverslun í Mosfellsbæ!
Verið velkomin í verslun Múlalundar við Reykjalund
www.mulalundur.is

